

Afkomuspár

Stefnir í methagnað á fyrsta ársfjórðungi



10



12-13

Samkeppnismál

Fákeppni algengari í smáum ríkjum



FRÉTTIR VIKUNNAR

Kaupa fyrirtæki | Marel hefur fest kaup á bresku fyrirtækjunum AEW Thurne og Delford Sortaweigh fyrir um 1,7 milljarða króna af AEW Delford Group.

Slær met | Vöruskiptahalli sló öll fyrri met í mars og var 13,4 milljarðar. Gengislækkun hefur neikvæð áhrif á viðskiptajöfnuð til skamms tíma.

Excel kaupir | Excel Airways Group, dótturfélag Avion Group, hefur keypt bresku ferðaskrifstofuna Kosmar Villa Holidays.

Til Danmerkur | FL Group hefur stofnað dótturfélag í Danmörku, FL Group Denmark APS, og verður framkvæmdastjóri Martin Niclasen.



Slök upplýsingagjöf | Að mati fjármálastjóra Danske Bank liggur vandi íslenskra fyrirtækja frekar í slakri upplýsingagjöf en slökum stjórnarháttum.

Vex hratt | LSR, stærsti lífeyrissjóður landsins, hefur vaxið umfram aðra lífeyrissjóði á undanförunum árum, einkum vegna sjóðsmyndunar B-deildar.

Kaupa Farmaleiðir | P/F Heri Thomsen, dótturfélag Eimskips í Færeyjum, hefur keypt Farmaleiðir, sem verið hefur landflutningahluti Strandfaraskipa.

Seldu hlutinn | FL Group seldi 16,9 prósentu eignarhlut sinn í easyJet og er áætlað andvirði sölu um 29 milljarðar króna.

Nýjar vélar | FL Group samdi, fyrir hönd Icelandair Group, um kaup á tveimur Boeing 787-8 Dreamliner farþegaþotum fyrir Icelandair.

Noregur veðjaði gegn íslensku bönkunum

Fulltrúar Kaupþings banka funduðu með Norska olíusjóðnum fyrir tveimur mánuðum vegna atlögu sjóðsins að bréfum bankans. Sjóðurinn er í umsjá norska Seðlabankans.

Óli Kristján Ármannsson
skrifar

Upphaf óróa í íslensku fjármálalífi er rakið til þess að Lífeyrissjóður norska ríkisins (Norski olíusjóðurinn) tók tæplega 26 milljarða króna skortstöðu gegn skuldabréfum Kaupþings banka og Landsbankans. Skortstaða heitir þegar fjárfestir selur skuldabréf og kaupir aftur þegar verð þeirra hefur lækkað. Sérfróðir telja að fleiri fjárfestar hafi fylgt í kjölfar sjóðsins og það hafi vakið athygli sérfræðings Merrill-Lynch sem í kjölfarið birti fyrstu skýrsluna í röð neikvæðra skýrslna greiningardeilda um íslensku bankana og hagkerfið hér.

Um áramót var skuldabréfastaða sjóðsins í skuldabréfum Kaupþings banka neikvæð um rúma 19,9 milljarða króna og neikvæð um rúma 5,9 milljarða í skuldabréfum Landsbankans, samkvæmt upplýsingum í ársskýrslu olíusjóðsins.

Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri Kaupþings banka, segir ljóst að órói á markaði með skuldabréf bankanna hafi hafist á sama tíma og stórir aðilar tóku að skortselja bréf bankans. Hann upplýsir að fulltrúar bankans hafi fundað með starfsmönnum Norska olíusjóðsins fyrir um tveimur mánuðum

vegna málsins. „Þar fengum við staðfestan þennan orðróm sem var á markaði,“ segir hann, en kveður sjóðinn ekki hafa gefið neitt út á hvort eiga mætti von á frekari slíkum skortstöðum. „Norski olíusjóðurinn er einn allra stærsti einstaki fjárfestir í Evrópu í dag og þegar hann ákveður að beita sér með þessum hætti gegn ákveðnum bönkum er ljóst að það getur haft veruleg áhrif.“ Hreiðar Már telur að aðgerðir líkt og bankarnir lentu í séu að einhverju leyti nýr veruleiki sem þeir þurfi að búa við. „Bankarnir eru orðnir það stórir að menn láta ekki nægja að kaupa bréfin okkar, heldur skortselja þau líka.“ Hann segist þó ekki vita til þess að aftur hafi komið til skortsölu af sömu stærðargráðu og norski olíusjóðurinn stóð fyrir.

Í Seðlabanka Íslands fengust þau svör að bankinn myndi ekki bregðast við skortstöðum Norska olíusjóðsins gagnvart skuldabréfum íslensku bankanna, enda væri sjóðurinn sjálfstæður þótt hann væri rekinn undir hatti norska Seðlabankans.

Í bankakerfinu hér hefur skortstöðu Norska Olíusjóðsins verið líkt við að íslensku lífeyrissjóðirnir væru sameinaðir í einn undir hatti Seðlabankans og gerðu sem slíkur árás á færeyska bankakerfið.

Búast við heitum móttökum

Sérfræðingar Danske Bank sækja fund í Reykjavík um efnahagsmál.

Fulltrúar Danske Bank eru gestir ráðstefnu sem Félag viðskipta- og hagfræðinga hefur boðað til í dag. Danirnir eru höfundar kolsvartrar skýrslu um íslenskt efnahagslíf sem birt var í marslok og hefur verið harðlega gagnrýnd fyrir bölsýni og villur.

Lars Christensen, sérfræðingur Danske Bank, segist hlakka til fundarins og býst við heitum umræðum. „En vonandi verða ekki mótmæli á flugvellinum þegar við komum,“ gantast hann. Megininntakið í framsögu sinni segir Christensen vera varnaðarorð um að íslenskt efnahagslíf standi andspænis miklum áskorunum sem bregðast þurfi við.

Hann segir skilaboðin raunar svipuð skilaboðum Seðlabankans við síðustu stýrivaxtaáætlun, að tími sé kominn til að rífa seglin og draga úr þenslu í hagkerfinu. Þá segist hann einnig gagnrýnn á að efnahagsstjórn landsins styðji ekki betur við peningastefnu Seðlabankans og dregur í efa tímasetningar fyrirhugaðra vaxtalækkana.

Lars Christensen segist vita vel af gagnrýninni sem sett hafi verið fram á „svarta“ skýrslu bankans en kveðst hafa takmarkaðan áhuga á þrættum um framsætningu á talnaefni í henni. „Við viljum hins vegar gjarnan taka þátt í umræðum um hvort skýrsl-

an hafi verið of bölsýnisleg og neikvæð. Það má nefnilega vel vera og í raun vonum við að svo hafi verið og að betur rætist úr en við höfum bent að gæti orðið.“

Christensen er einn frummennda á fundinum, ásamt Þórði Friðjónssyni forstjóra Kauphallar Íslands og Eddu Rós Karlsdóttur forstöðumanns greiningardeilda Landsbankans. Við pallborðið verða svo einnig Carsten Valgreen, aðalhaf-fræðingur Danske Bank, Arnór Sighvatsson aðalhaf-fræðingur Seðlabanka Íslands og Tryggvi Þór Herbertsson, forstöðumaður Hagfræðistofnunar Háskólans.

Útrásar-fyrirtækin standast óróa

Fimm stærstu útrásarfyrirtækin á Íslandi verða fyrir litlum áhrifum af óróa í íslensku efnahags- og fjármálalífi. Þetta er niðurstaða greiningar alþjóðlega endurskoðunarfyrirtækisins Ernst & Young fyrir danska viðskipta-blaðið Børsen. Ernst & Young skoðaði ársuppgjör Actavis, Bakkavarar, Dagsbrúnar og FL Group fyrir síðasta ár, og komst að þeirri niðurstöðu að stærstur hluti tekna fyrirtækjanna kom frá starfsemi þeirra í öðrum löndum. Sérstaklega er tekið fram að Baugur Group er ekki inni í greiningu fyrirtækisins.

- jab

Bætir við sig í Romag

Atorka Group hefur aukið hlut sinn í Romag Holding úr ellefu prósentum í 13,3 prósent samkvæmt till kynningu til kauphallarinnar í Lundúnum. Gengi bréfa í Romag hefur hækkað skarpt frá áramótum, eða um 44 prósent, en Atorka hóf að kaupa hluti í breska félaginu undir lok síðasta árs. Hlutur Atorku er metinn á einn milljarð króna.

Romag er leiðandi framleiðandi á öryggisgleri og gleri og glerlausnum fyrir heimili og farartæki.

- epa

Góð ávöxtun og lítil áhætta

Góð og örugg ávöxtun á lausafé fyrir einstaklinga, fyrirtæki, sveitarfélög og aðra fjárfesta. Kynntu þér ótvíveða kosti Peningabréfa hjá ráðgjöfum Landsbankans.

11,3%

Peningabréf Landsbankans

Peningabréf eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðurinn er rekinn af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbanki Íslands hf. er vörsluadili sjóðsins. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögnum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðinn, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðsins, visast til útboðslýsingar og útdráttar úr útboðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbanka Íslands hf. auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

*Nafnávöxtun á ársgrundvelli frá 1. mars - 3. apríl 2006.

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is

GENGISPRÓUN

	Vika	Frá áramótum
Actavis	1%	19%
Alfesca	-2%	-1%
Atorka Group	2%	-10%
Bakkavör	0%	0%
Dagsbrún	-1%	11%
FL Group	6%	13%
Flaga	8%	-30%
Glitnir	1%	1%
KB banki	-3%	5%
Kögun	0%	22%
Landsbankinn	-2%	-7%
Marel	0%	14%
Mosaic Fashions	1%	-4%
Straumur	2%	8%
Össur	-2%	-1%

Miðað við gengi í Kauphöll á mánudaginn

Mælt með helstu keppinautum

Hlutabréf í Nordea einkar álitlegt að mati Kaupþings

Kaupþing í Svíþjóð hefur hækkað verðmat sitt á hlutabréfum í nokkrum norrænum fjármálastofnunum. Þetta eru Danske Bank, DnBNor, Nordea Bank, SEB, SHB og Föreningsparbanken (Swedbank), sem allir eru í höfuðstærstu banka Norðurlandanna. Mælir bankinn sérstaklega með kaupum í Nordea en ráðleggur fjárfestum einnig að kaupa í Den Danske Bank, DnBNor, SHB og Föreningsparbanken og halda í bréf SEB.

Gengi allra þessara félaga er nokkuð undir verðmatinu. Til dæmis var síðasta gengi Nordea meira en fjórðungi lægra en nýjasta verðmat Kaupþings á fyrirtækinu og gengi Danske Bank fimmtungi lægra.

Kaupþing væntir þess að uppgerð bankanna á fyrsta ársfjórðungi ársins verði mjög góð sem skýrist annars vegar af útlánavexti og hins vegar af auknum þóknatekjum, en mikil umsvif hafa verið á norrænum hlutabréfamörkuðum á árinu. - eþa



LARS G. NORSTROM FORSTJÓRI NORDEA Kaupþing mælir einkum með kaupum á hlutabréfum í Nordea.

Tchenguiz gefinn frestur

Stjórnendur kráarkeðjunnar Mitchells & Butlers hefur gefið Robert Tchenguiz frest til 8. maí til að leggja fram yfirtökutilboð í félagið. Tchenguiz hefur, að sögn Sunday Times, fengið Kaupþing í lið með sér við að fjármagna kaupin. Gæti hann lagt fram tilboð í þessari viku upp á 500-550 milljarða króna auk vaxtaberandi skulda eða sem nemur 525-500 pensum á hvern hlut.

Íranski viðskiptafjórðurinn mun einnig hafa augastað á öðrum kráarkeðjum ef Mitchells & Butlers rennur úr greipum hans. - eþa

Farsímanotkun margfaldast

Nýjar tölur Póst- og fjarskiptastofnunar sýna að ekkert lát er á notkun nýjustu fjarskiptatækni hér.

Farsímanotkun hefur tvöfaldast hér á landi frá árinu 2000 að því er fram kemur í nýjum tölum Póst- og fjarskiptastofnunar.

Stofnunin hefur tekið saman upplýsingar um íslenskan fjarskiptamarkað í tölum í árslok 2005, en þar kemur meðal annars fram að smáskilaboðum (SMS-sendingum) innan GSM-kerfisins hefur fjölgað úr því að vera rúmlega 61,5 milljónir árið 2000 í rúmlega 155,8 milljónir sendinga í fyrra. Aukningin nemur 250 prósentum.

Þá kemur fram að gríðarlegur vöxtur hefur verið í háhraðanet tengingum, en áskriftir að ADSL (og öðrum DSL tengingum), sem voru undir 5.000 talsins árið 2000



FARSÍMI Í NOTKUN Tæknin er til margra hluta nýtsamleg. Nýjar tölur Póst- og fjarskiptastofnunar sýna að hér á næstum því hver einasti maður farsíma og sumir fleiri en einn. NORDICPHOTOS/APP

eru nú nálægt því 80.000 á landinu. Þar hafa stökkin verið stór milli ára því í árslok 2004 voru háhraðatengingarnar um 52.000 talsins. - óká

Öflun kaupir í Office Line

Öflun ehf., sem á Apple-verslanir á Íslandi, í Danmörku og Svíþjóð, hefur eignast tæp 90 prósent í norska fyrirtækinu Office Line og gert yfirtökutilboð í félagið allt. Office Line rekur Apple-verslanir í Noregi, Svíþjóð, Danmörku og Finnlandi. Velta félagsins nam rúmum 4,8 milljörðum íslenskra króna á síðasta ári og var rekstrarhagnaður rúm 181 milljón króna. Félagið er skráð í kauphöllinni í Ósló í Noregi en stefnt er að því að sameina fyrirtækin og afskrá Office Line úr kauphöllinni. Áætluð velta Öflunar að lokinni sameiningu nemur sjö milljörðum króna. Fyrirtækjaráðgjöf Glitnis sá um ráðgjöf og annaðist fjármögnun við kaupin en þetta er fyrsta samstarfsverkefni fyrirtækjaráðgjafar Glitnis í Reykjavík og Glitnir Securities.



BJARNI ÁKASON Öflun ehf. mun eftir sameiningu við Office Line reka 13 Apple-verslanir á Norðurlöndunum.

Í tilkynningu frá Glitni segir að nokkur átök hafi staðið um yfirtöku Öflunar á Office Line. Hafi norskir fjárfestar ákveðið að gerast hluthafa í sameinuðu félagi.

Haft er eftir Bjarna Ákasyni, forstjóra Öflunar, að vörur frá Apple njóti vaxandi vinsælda. „Við vitum að þetta er traustur framtíðarmarkaður og viðskiptafélagar okkar á Norðurlöndunum eru greinilega sama sinnis,“ segir hann. - jab

Öflugir hluthafar eiga mikið undir rekstrinum

Árni Vilhjálmsson efast um að tilmæli Kauphallar um stjórnarhætti fyrirtækja séu skynsamleg. Meginreglur NYSE og Nasdaq eru að sjálfstæðir einstaklingar mynda meirihluta stjórnar.

Eggert Þór Aðalsteinsson skrifar

„Það ætti að öðru jöfnu að geta verið til heilla, að í stjórn fyrirtækis veldust einungis einstaklingar, sem væru öflugir hluthafar, sem ættu mikið undir því að reksturinn tækist vel,“ segir Árni Vilhjálmsson, stjórnarformaður HB Granda, í ársskýrslu félagsins fyrir árið 2005.

Hann bætir við: „Til að vernda eigendur smárra hluta gegn skaðlegum yfirgangi hinna stærri eru úrræði af því tagi, sem eru í íslenskum lögum.“

Stjórnarformaðurinn dregur í efa að ákvæði í leiðbeiningum Kauphallar Íslands um stjórnarhætti fyrirtækja, sem takmarka þátttöku stærstu hluthafa í stjórnnum félaga, séu skynsamleg. Vísar hann þar meðal annars til reglna Kauphallarinnar í New York (NYSE) og Nasdaq, þar sem meginreglan mun vera að sjálfstæðir einstaklingar myndi meirihluta stjórnar.

Í tilmælum Kauphallar segir að æskilegt sé að meirihluti stjórnar sé óháður félaginu og eins að minnsta kosti tveir stjórnarmanna séu óháðir stórum hluthöfum í félaginu.

Einnig kemur fram í tilmælunum að stjórn skuli sjálf meta það hvort stjórnarmaður sé óháður gagnvart félaginu og greina frá niðurstöðum sínum í ársskýrslu. Óháður stjórnarmaður teljist til að mynda ekki sá sem hefur verið starfsmaður fyrirtækis undanfarandi þrjú ár og sá sem er einn af æðstu stjórnendum í öðru fyrirtæki, sem er í umtalsverðum viðskiptum við fyrirtækið.

Þórhallur Helgason stjórnarmaður starfaði hjá HB Granda til ársloka 2004 og telst því ekki óháður í anda tilmælanna. Stjórnarformaðurinn er þessu ósammála og telur Þórhall algerlega óháðan fyrirtækinu.

Drír stjórnarmanna HB Granda, Árni Vilhjálmsson, Halldór Teitsson og Kristján Loftsson, eru jafnframt í stjórn Vogunar sem er



ÁRNI VILHJÁLMSOON, STJÓRNARFORMAÐUR HB GRANDA Leiðbeinandi tilmæli Kauphallar svara ekki því hvort nógu margir stjórnendur séu óháðir stærstu hluthöfum í HB Granda.

stærsti hluthafi HB Granda. Sérhver þeirra telur sig hafa notið stuðnings Vogunar við stjórnarkjör og óvíst hver staða þeirra er gagnvart tilmælunum. Árni, Kristján og Bragi Hannesson eru svo í stjórn Hampiðjunnar, sem á í viðskiptum við útgerðarfélagið, og er Bragi formaður stjórnar. Óljóst þykir, að mati stjórnar HB Granda, hvort umfang viðskiptanna séu með þeim hætti að stjórnarmenn verði taldir háðir félaginu.

Eftir stendur spurningin, sem er ósvarað að mati Árna, hvort nægjanlega margir stjórnarmenn séu óháðir HB Granda.

Klæðskerasniðnar lausnir

„Það er metnaður okkar að veita ávallt klæðskerasniðna ráðgjöf í bland við persónulega þjónustu sem byggir á sérþekkingu okkar í fjármögnun atvinnutækja. Við sníðum fjármögnun í takt við þarfir hvers og eins, enda vitum við að hver viðskiptavinur okkar er einstakur.“

Arnar Snær Kárasón

Ráðgjafi, Fjármögnun atvinnutækja

LÝSING

Fjármögnun í takt við þínar þarfir

Suðurlandsbraut 22
108 Reykjavík
Sími 540 1500 Fax 540 1505
www.lysing.is

STYSTA LEIÐIN Í BANKANN

Fjárhagsleg velgengi byggist á að vita alltaf hver staðan er.

Með Glitni í símanum þínum tryggir þú þér stystu leiðina í bankann.

Glitnir í símanum veitir þér aðgang að öllum helstu fjármálaupplýsingum sem þú þarft. Þar sérð þú stöðuna á reikningunum þínum, helstu kauphallarupplýsingar og gengi gjaldmiðla.

Þú getur líka millifært og fyllt á GSM frelsi.

Farðu á glitnir.is og kynntu þér hvernig þú færð Glitni í símann.

NETBANKI GLITNIS
Í SÍMANUM ÞÍNUM

nánari upplýsingar á glitnir.is



„ÆTLI HLUTABRÉFIN MÍN
HAFI HÆKKAÐ Í DAG?“

GLITNIR

Reikningsyfirlit Yfirlit skuldabréfa Millifærslur
Áfylling á GSM frelsi Upplýsingar um gengi Kauphallarupplýsingar o.fl.

Samþjöppun í norsku laxeldi

Norska laxeldisfyrirtækið Pan Fish hefur keypt tæplega 18 prósent hlut í Fjord Seafood. Í Morgunkorni Glitnis banka segir að samþjöppun haldi áfram í norsku laxeldi en Pan Fish á nú 57 prósent hlut í Fjord og undirbýr yfirtökutilboð.

Glitnir segir stöðu Pan Fish nú orðna mjög sterka en félagið keypti Marine Harvest í síðasta mánuði. Norski afhafnamaðurinn John Fredriksen á tæpan helmingshlut í Pan Fish er því nú áhrifamesti maður í norsku laxeldi en saman mynda Pan Fish, Fjord Seafood og Marine



VIÐ ELDISSTÖÐ PAN FISH Staða laxeldisfyrirtækisins á norskum markaði er mjög sterk.

Harvest stærstu laxeldissamstæðu í heimi. - jab

Horft til drykkjarframleiðenda

FL Group er á lokastigi viðræðna um kaup á hollenska drykkjarvöruframleiðandanum Refresco af breska fjárfestingasjóðnum 3i og er niðurstaðna að vænta á næstu dögum. Stjórnendur FL Group vilja ekki tjá sig frekar um kaupin en samkvæmt heimildum Markaðarins kemur Vífilfell að þeim. Refresco stefnir að því að verða



HANNES SMÁRÁSON, FORSTJÓRI FL GROUP FL stefnir á kaup á hollenskum drykkjarvöruframleiðanda.

leiðandi í framleiðslu ávaxta-

og gosdrykkja og fer framleiðslan fram í Finnlandi, Frakklandi, Þýskalandi, Hollandi og á Spáni.

FLgroup fjárfestinylega í um 16,35 prósent hlut í danska drykkjarvöruframleiðandanum Royal Unibrew. Fyrirtækið, sem framleiðir bæði bjór og gosdrykki, er annar stærsti drykkjarvöruframleiðandi á Norðurlöndunum. - hhs

Gullverð setur met

Verð á gulli fór yfir 600 dollara á únsu á mörkuðum í New York í Bandaríkjunum í gær og hefur það ekki verið hærra síðan árið 1981. Ástæðan eru mikil kaup fjárfesta, sem vilja tryggja sig fyrir yfirvofandi verðbólgu og verðhækkunum í framtíðinni.

Hæst fór verð á únsu af gulli í 604 dollara á mörkuðum í New York í gær en lokaverðið var 601,20 dalir. Verð á gulli hefur hækkað um 16 prósent það sem af er ársins, 41 prósent á einu ári en um 100 prósent á síðastliðnum fjórum árum. - jab



FRÁ GRÆNLANDI Stefnt er að því að Grænlandingar fái eigin peningaseðla árið 2008.

Grænland fær eigin seðla

Allt bendir til þess að Grænlandingar fái eigin peningaseðla og mynt árið 2008. Anders Fogh Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur, og Hans Enoksen, formaður grænlenku heimastjórnarinnar, gerðu með sér samkomulag í samráði við Danska seðlabankann.

Nýju peningarnir verða gefnir út á grænlenku og með myndum en gjaldmiðillinn mun eftir sem áður vera dönsk króna.

Lagafrumvarp um nýja peningaskipan fyrir Grænland verður lögð fyrir landsþingið í haust.

Fyrsta skrefið af mörgum

Bresku félögin sem Marel keypti sameinast í AEW Delford Systems. Hlutfé verður aukið til að halda sterkri eiginfjárstöðu á vaxtarskeiði.

Eggert Þór Aðalsteinsson skrifar

„Þetta er í samræmi við stefnu okkar að kaupa félag með góða vaxtarmöguleika sem falla vel að okkar framtíðarsýn,“ segir Hörður Arnarson, forstjóri Marel, um kaup félagsins á AEW Thurne og Delford Sortaweigh. Framvegis munu þessir fyrrverandi keppnautar Marel bera nafnið AEW Delford Systems. „Við teljum okkur hafa fengið félagið á hagstæðu verði og getum aukið verðmæti þess í okkar höndum.“

Hörður segir að Marel hafi skort meira vöruúrval í kjötiðnaðinum, þar sem breska félagið er hvað sterkast, og falli kaupin vel að þeim geira sem Marel vill vaxa, það er aftar í virðisdeðjunni. Einnig eru klár samlegðaráhrif við sölukerfi Marel en breska félagið hefur vantað aðgang að sterku markaðskerfi.

Breska fyrirtækið, sem var í

eigu Royal Bank of Scotland og að vissu leyti munaðarlaust, var skuldugt og með miklar lífeyris-skuldbindingar sem hurfu með kaupunum. Greiningardeild KB banka telur að kaupin séu á hagstæðu verði miðað við möguleg samlegðaráhrif.

Kaupin eru í samræmi við stefnu Marel að þrefalda veltu félagsins á næstu árum og ná 15-20 prósentu markaðshlutdeild á markaði með tveimur til fjórum yfirtökum en jafnframt með kröftugum innri vexti. Marel seldi skuldabréf á hagstæðum kjörum fyrir sex milljarða króna á dögum sem þrefaldar skuldir félagsins, en upphæðin gengur ekki nema að hluta til kaupanna á AEW Delford. Til að viðhalda sterku 30-40 prósentu eiginfjárlutfalli á því vaxtarskeiði sem er framundan, verður ekki hjá því komist að selja nýtt hlutfé að sögn Árna Odds Þórðarsonar, stjórnarformanns Marel.



ÁRNI ODDUR ÞÓRÐARSON OG HÖRÐUR ARNARSON Velta Marel eykst um 30 prósent við kaupin á AEW Delford Systems. Félagið hefur hug á að kaupa fleiri félög.

Microsoft sendir fyrirtækjum harðort bréf

Varað er við yfirvofandi aðgerðum Business Software Alliance (BSA) hér á landi í bréfi sem Microsoft á Íslandi sendir um þessar mundir í öll fyrirtæki í landinu. BSA eru alþjóðleg samtök sem Microsoft er meðal annars aðili að og hefur staðið fyrir aðgerðum gegn notkun ólöglegs hugbúnaðar víða um heim.

„Microsoft telur að vænta megi aðgerða BSA innan tíðar og vill af því tilefni gera þér viðvart ásamt öðrum framkvæmdastjórum fyrirtækja hér á landi,“ segir í bréfinu sem Elvar Steinn Þorkelsson, framkvæmdastjóri Microsoft á Íslandi skrifar undir. „Þessar aðgerðir verða með svipuðu sniði og erlendis. Fyrirtæki sem lenda í úttekt og uppfylla ekki kröfur um leyfismál hugbúnaðar geta orðið fyrir verulegum óþægindum þar á meðal fjárfektum. Þetta á ekki einungis við um hugbúnað frá Microsoft, heldur líka frá öðrum framleiðendum.“

Aðgerðir BSA eru oftast sagðar hafa verið í formi húsléitar lögreglu á hverjum stað sem farið hafi fram án viðvörunar. „Þau fyrirtæki sem hafa verið með ólöglegan hugbúnað settan upp á tölvum sínum hafa fengið sektir auk þess sem fjallað



ELVAR STEINN ÞORKELSSON Elvar Steinn er framkvæmdastjóri Microsoft á Íslandi, en fyrirtækið sendir um þessar mundir bréf í öll fyrirtæki þar sem varað er við yfirvofandi aðgerðum vegna ólöglegs hugbúnaðar.

MARKAÐURINN/VILHELM

hefur verið um brot þeirra opinberlega. Stjórnarformenn og framkvæmdastjórnar eru lögum samkvæmt ábyrgir fyrir leyfismálum vegna hugbúnaðar í fyrirtæki sínu,“ segir jafnframt í bréfinu og tekið er fram að þótt mörg fyrirtæki hér hafi verið til fyrirmyndar hvað varðar löglega notkun hugbúnað-



ar sé því ekki að leyndu að þau mál hafi víða verið vanrækt hér á landi. Microsoft býðst svo í bréfinu til að vera fyrirtækjum innan handar við að ganga úr skugga um að hugbúnaðarmál séu í lagi og vísa á vefsíðuna www.leyfismal.is. Þar er að finna lista yfir fyrirtæki hér sem Microsoft mælir með við úttektina. „Þeir hafa með undirritun sérstakrar yfirlýsingar skuldbundið sig til að hlíta ákveðnum verklagsreglum varðandi notkun, sölu og þjónustu á hugbúnaði,“ segir Elvar í bréfinu.

PENINGAMARKAÐSSJÓÐUR

11,2%*

Tilvalinn fjárfestingarkostur fyrir þá sem vilja binda fé í skamman tíma án mikillar áhættu. Enginn munur er á kaup- og sölugengi og innstæðan er alltaf laus til útborgunar.

* Miðað við ávöxtun 28. febrúar til 31. mars færð upp á ársgrundvöll

Peningamarkaðssjóður er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. Fjárfestingarsjóður telst vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður skv. lögum. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er fólgin í rýmri fjárfestingarheimildum sem geta m.a. leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði. Nánari upplýsingar um framangreint má nálgast í útboðsýsingu eða útdrætti úr útboðsýsingu sjóðsins í útbúum KB banka eða á www.kbbanki.is.

KB BANKI
- kraftur til þín!



Office1 Superstore

Pantanir 550 4111 • Fax 550 4101 • www.office1.is • pontun@office1.is • Office 1 Skeifunni 17 • Office 1 Smáralind • Office 1 Akureyri • Office 1 Ísafirði • Office 1 Egilsstöðum • Office 1 Vestmannaeyjum

**Allt fyrir skrifstofuna
undir 1 þaki!**

Office 1 Superstore á Íslandi býður fjölbreytta og vandaða þjónustu. Við hlustum á viðskiptavini okkar og gerum okkar besta til þess að mæta kröfum þeirra. Fyrirtækjaþjónusta Office 1 er gott dæmi um þetta, enda sýna viðtökur viðskiptavina það svo um munar.

Kínverjar teyga Carlsberg

Stjórn dönsku bjórverksmiðjunnar Carlsberg greindi frá því í síðustu viku að fyrirtækið hefði keypt sjö brugghús í Kína. Fyrir kaupin átti Carlsberg þrettán brugghús.

Brugghús Carlsberg, sem er eini erlendi bjórframleiðandinn í Kína, eru flest í vesturhluta landsins og hefur bjórframleiðandinn



náð 63 prósentu markaðshlutdeild í landinu.

Bjórneysla í þessum hluta Kína er hins vegar talsvert undir landsmeðaltali og segir í tilkynningu frá Carlsberg að búist sé við að hún muni aukast mikið á næstu árum.

- jaf

BJÓR FRÁ CARLSBERG Fyrirtækið á tuttugu brugghús í Kína og sér fram á meiri bjórneyslu í landinu á næstu árum.

ESB setur hömlur á skóinnflutning

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, ESB, samþykkti í síðustu viku að leggja allt að 20 prósentu álagningu á skó sem fluttir eru inn frá Kína og Víetnam til aðildarríkja ESB. Er ástæðan ívilnanir stjórnvalda í löndunum til skóframleiðenda sem gera þeim kleift að bjóða ódýrari skó en fást í aðildarríkjum ESB.

Skóframleiðendur á Ítalíu og Portúgal fagna ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar og segja aðgerðirnar nauðsynlegar til að vernda framleiðslu innan ESB. Skóframleiðendur í Bretlandi eru hins vegar uggandi um sinn hag. Telja þeir hættu á að



skór hækki í verði vegna aðgerðanna og fæli viðskiptavinum frá því að fjárfesta í nýju skótaui.

Álagningin verður lág til að byrja með en mun hækka næstu fimm mánuði og getur á endanum numið allt að 20 prósentum.

Kínverjar fluttu 1,2 milljarða skópara til aðildarríkja ESB á síðasta ári fyrir andvirði 21,3 milljarða íslenskra króna. Víetnamar fluttu hins vegar inn 265 milljón skópör til sambandsins. Kínverskir skóframleiðendur eru skiljanlega ósáttir við aðgerðir framkvæmdastjórnar ESB og saka hana um að vilja takmarka samkeppni frá löndum utan sambandsins. - jaf

LAKSKÓR ESB hefur ákveðið að setja takmarkanir á innflutning á ódýrum skóm frá Kína og Víetnam til ESB-ríkjana.

Ráðherrar kæra Ryanair

Göran Persson, forsætisráðherra Svíþjóðar, og Laila Freivalds, fyrrverandi utanríkisráðherra landsins, hafa höfðað mál gegn breska lággjaldflugfélaginu Ryanair vegna auglýsinga þess sem birtust á síðasta ári.

Í auglýsingu flugfélagsins er mynd af þeim Persson og Freivalds og texti þar sem spurt er hvenær tímabært sé að flýja land.

Laila Freivalds, sem sagði af sér embætti í lok síðasta mánaðar, segir auglýsinguna afar niðurlægjandi og hafi myndin verið notuð í leyfisleysi. Krefjast þau Persson jafnvirði 1,4 milljóna króna í skaðabætur.

Auglýsingarnar birtust á sama tíma og ríkisstjórn Svíþjóðar var harðlega gagnrýnd fyrir aðgerðaleysi þegar hamfarirnar við Indlandshaf dundu yfir á öðrum degi jóla árið 2004 með þeim afleiðingum að 550 Svíar létust.



GÖRAN PERSSON OG LAILA FREIVALDS Forsætisráðherrann og fyrrverandi utanríkisráðherra Svíþjóðar krefjast rúmra 1,4 milljóna króna í skaðabætur fyrir ólöglega myndbirtingu.

Ryanair var harðlega gagnrýnt fyrir auglýsingaherferð sem hrundið var af stað skömmu eftir hryðjuverkin í Lundúnum í Bretlandi á síðasta ári. Í auglýsingunum sagði að borgarbúar ætluðu að snúa vörn í sókn. Þar gat að líta mynd af Winston Churchill, fyrrverandi forsætisráðherra Bretlands. Samtök auglýsenda bönnuðu auglýsinguna í kjölfar fjölmargra kvartana Breta. - jaf

Netbanki bestur í Noregi

Netbankar njóta mikilla vinsælda í Noregi og virðist sem margir séu að færa viðskipti sín yfir til þeirra. Að sögn norska dagblaðsins Dagens Næringsliv er ástæðan há þjónustugjöld flestra banka í landinu.

Norski viðskiptaskólinn Handelshøyskolen BI birti á dögunum úttekt á ánægju fólks með 150 fyrirtæki í Noregi. Netbankinn SkandiaBanken hlaut hæstu einkunn, 81,8 stig. Norski bankinn DnB NOR fór hins vegar niður um 51 sæti og endaði í 121. sæti.

Dagblaðið hefur eftir einum fyrrverandi viðskiptavina DnB NOR, sem fyrir skömmu færði viðskipti sín yfir til SkandiaBanken, að DnB NOR taki há gjöld fyrir allt. Þá hefur blaðið eftir Trond Erik Birkeland, markaðsstjóra SkandiaBanken, að um 30.000 nýir viðskiptavinir gangi til liðs við bankann á ári hverju og séu nú um 270.000



NETBANKAR VINSÆLIR Í NOREGI Viðskiptavinir bankanna segja þjónustugjöld of há í hefðbundnum bönkum.

manns með reikning í honum. Þá komi þriðji hver nýr viðskiptavinur frá DnB NOR, að hans sögn.

Næst á eftir SkandiaBanken á ánægjulistanum koma Flytogen, hraðlestin sem flytur farþega áleiðis til Gardemoenvallar, ferjufyrirtækið Hurtigruten og Toyota í fjórða sæti. - jaf

Bestu borgir í heimi

Kaupmannahöfn er næstbesti áfangastaður athafnamanna í Evrópu, að mati Economist.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson
skrifar

Vínarborg í Austurríki og Kaupmannahöfn tróna efst á lista breska viðskiptatímaritsins Economist yfir þær borgir í Evrópu sem best er að fara til í viðskiptaerindum.

Efst á lista tímaritsins yfir 127 borgir í heimi sem best er fyrir athafnamenn að halda til í viðskiptaerindum eru Vancouver, Calgary og Toronto í Kanada. Kaupmannahöfn er í 17. sæti á lista Economist.

Á meðal þess sem tímaritið kannaði var leigubílastofnaður, vegalengdin frá Kastrup-flugvelli til miðborgarinnar, menningarlífið í Kaupmannahöfn og verð á gistirými og áfengum drykkjum, eins og viskíi.

Af öðrum borgum á Norðurlöndum er það að frétta að Stokkhólmur í Svíþjóð og Helsinki í Finnlandi lentu saman í 23. sæti en Ósló í Noregi í því 40. Til samanburðar lenti París í 41. sæti en New York í sæti 72. Reykjavík er í 53. sæti í könnun tímaritsins.

Gistinóttum í Kaupmannahöfn fjölgaði um 8 prósent á síðasta ári samanborið við 2004 og segja talsmenn í ferðaþjónustu að aukningin sýni að Kaupmannahöfn sé að verða ein af eftirsóttustu borgum heimsins.

„Kaupmannahöfn er mun vinsælli nú en hún var fyrir áratug,“ sagði Dorthe Kiilerich, framkvæmdastjóri ferðaskrifstofunnar Visit Denmark í samtali við danska dagblaðið Politiken.

Þrátt fyrir þetta eru ekki allir á sama máli. „Til að teljast svalur þarf að fara á dýr kaffihús. En Kaupmannahöfn býður upp á



FRÁ STRIKINU Í KAUPMANNAHÖFN Það er best fyrir athafnamenn að sinna viðskiptaerindum í Kanada. Af borgum í Evrópu er Kaupmannahöfn næstbest.

svo mikið meira,“ segir Can-Seng Ooi, prófessor í hagfræði við viðskiptaháskóla Kaupmannahafnar í samtali við blaðið.

Skýr
smoothie

S K Y R D R Y K K U R

Jarðber
Sitrona
Pörus
Piparmintu
Epli
Súkk
Mokka





Endurnýjunar- og
viðhaldskerfi fyrir þök



Áður en þú skiptir um þak, hringdu þá í Pace[®] umboðið



Bættu mörgum árum við líftíma þaksins fyrir mikið minna en það kostar að skipta um þak. Pace[®] þakvarnarkerfið ver og verndar þakið með samskeytalausri, teygjanlegri gúmmíhúð sem á varanlegan hátt kemur í veg fyrir leka, ryðmyndun ...og áhyggjur.



Fáðu þakið metið
strax í dag þér að
kostnaðalaus

517 9177

pace@coat.is

SÖGUHORNID

Yahoo! skráð á markað

Í dag eru liðin 10 ár síðan vefgáttar- og leitarfyrirtækið Yahoo! var skráð á Nasdaq-markaðinn í Bandaríkjunum. Um 2,6 milljónir hluta í fyrirtækinu fóru í sölu á 13 Bandaríkjadali hver og nam söluandvirði hlutanna 33,8 milljónum dala. Gengi bréfa í fyrirtækinu átti eftir að hækka mikið eftir því sem á leið.

Yahoo! byrjaði sem tiltölulega einfalt hlekkjasafn stofnendanna Davids Filo og Jeffs Yang um óravíddir netsins. Þeir Filo og Yang voru þá í meistaranámi í rafmagnsverkfræði við Stanfordháskóla í Bandaríkjunum og sáu árið 1994 að nauðsynlegt yrði að búa til hlekkjasafn yfir þær vefsíður sem til voru á netinu til að auðvelda fólki að finna upplýsingar. Netíð var þá rétt að slíta barnskónum en fyrsti vafrinn hafði litið dagsins ljós sama ár. Ekki leið langur tími þar til félagarnir fóru að eyða meiri tíma fyrir framan tölvuna en í námið. Hlekkjasafnið tók fljótlega á sig mynd og samanstóð að lokum af geysimörgum flokkum og undirflokkum af hlekkjum þar sem fólk gat fundið allt sem hugurinn girntist.

Notendum vefsins fjölgaði jafnt og þétt og á haustdögum 1994 hafði ein milljón netverja heimsótt vefsvæði Yahoo!

Stofnendur vefsins voru fljótir að átta sig á því gríðarlega viðskiptatækifæri sem þeir höfðu í höndunum og fóru til funda við fjárfesta strax næsta vor. Niðurstaða fundanna varð sú að fyrirtækið Sequoia Capital,



YAHOO! Í KÍNA Vefgáttar- og leitarfyrirtækið reis í hæstu hæðir í netbólunni.

sem m.a. hafði lagt Apple, Atari, Oracle og Cisco Systems lið, ákvað að leggja í Yahoo! tvær milljónir Bandaríkjadala.

Eftir skráninguna jukust vinsældir Yahoo! umtalsvert. Vefgáttin stækkaði óðum og valmöguleikum fjölgaði. Meðal þess sem leit dagsins ljós voru vefpóstur, skilaboðaforrit á borð við MSN, uppboðsvefur og fréttá- og upplýsingaveita. Þá keypti Yahoo! jafnframt vefhýsingarfyrirtækið GeoCities og nokkra keppinauta sem sinnu vefpósti, s.s. eGroups og leitarfyrirtækið AltaVista.

Ljóst var að fyrirtækið var á miklu skriði. Gengi bréfa í Yahoo! hækkaði gríðarlega líkt og hjá öðrum fyrirtækjum á tímum netbólunnar. Hæst fór það í 500,13 Bandaríkjadali á hlut, 487,13 dölum meira en fjórum árum fyrr, í janúar árið 2000.

En líkt og allir vita sprakk netbólun með miklum látum. Net- og tæknifyrirtækin hrundu eins og spilaborgir víða um heim og þar var Yahoo! engin undantekning. Fór gengi bréfa í fyrirtækinu allt niður í 8,11 dali á hlut í september árið 2001.

Nýir tímar hjá Apple

Apple hefur búið til hugbúnað sem gerir Apple-tölvum kleift að keyra stýrikerfi frá Microsoft.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson
skrifar

Bandaríska tölvufyrirtækið Apple hefur búið til hugbúnað sem gerir eigendum Apple Mac-tölvu kleift að keyra stýrikerfið Windows XP á tölvum sínum. Stýrikerfið gengur einungis á þeim tölvum Apple sem eru með örgjörva frá Intel en þetta er í fyrsta sinn sem tölvur frá Apple geta notað stýrikerfi frá keppinautum, Microsoft.

Hægt er að hala niður tilraunaútgáfu af hugbúnaðinum, sem kallast Boot Camp, af vefsíðu Apple. Forritið verður í nýjustu útgáfu OSX-stýrikerfisins fyrir Apple sem kemur á markað í ágúst.

Að sögn forsvarsmanna Apple mun fyrirtækið ekki hefja sölu á hugbúnaði Microsoft í kjölfarið heldur er einungis verið að svara kalli Apple-eigenda, sem hafi leitað eftir því að vinna á XP-stýrikerfið.

Þegar Boot Camp er keyrt í fyrsta sinn birtast leiðbeiningar á skjá tölvunnar sem sýna hvernig skipta eigi hörðum diskum í tvo hluta svo hægt sé að nota Windows XP á öðrum helmingnum en OSX á hinum. Þegar kveikt er á tölvu með tveimur stýrikerfum mun tölvunni eftirleiddis spyrja hvort stýrikerfið viðkomandi kjósi að nota.



STEVE JOBS KYNNIR NÝJU TÖLVURNAR Apple Mac með örgjörva frá Intel kom á markað í byrjun ársins.

Apple greindi frá því um mitt síðasta ár að það hefði náð samkomulagi við Intel um notkun örgjörva fyrirtækisins í Apple-tölvum en fyrstu tölvurnar með örgjörvanum komu á markað í janúar síðastliðnum.

Nokkrar vikur eru síðan tveimur tölvuhökkurum tókst að keyra Windows XP stýrikerfið á Apple Mac-tölvu með örgjörva frá Intel. Hluti þeir 13.000 Bandaríkjadali að launum fyrir afrekið.

Blásið til sóknar gegn niðurhali

Alþjóðasamtök hljómplötuframleiðenda hafa höfðað mál gegn 2.000 manns í tíu löndum fyrir að deila tónlist sín á milli með skráaskiptiforritum á netinu.

Niðurstöður breska markaðsrannsóknarfyrirtækisins XTN Data benda hins vegar til að þrátt fyrir aðför gegn brotum af þessu tagi þá hafi þeim fjölgað um þrjú prósent frá því í september á síð-


asta ári. Engu að síður töldu 41 prósent þeirra 1.000 manns, sem þátt tóku í könnun fyrirtækisins, víst að þeir myndu hugsa sig tvisvar um ef lögsöknum gegn lögbrjótunum fjölgaði.

Nýjasta aðför hljómplötuframleiðenda er gegn þeim sem setja tónlist á netið, sem gerir netverjum kleift að nálgast hana og dreifa henni áfram. Sá sem



FARTÖLVA Í ELDHÚSI (MYNDIN ER SVIDSETT.) Þeir sem setja tónlist á netið geta átt yfir sér háar fjársektir.

fundinn verður sekur í málinu getur átt yfir höfði sér rúmlega 200.000 króna sekt. - jab



Gerðu eitthvað þarfara við peningana
en að bíða eftir þeim.

Fjármögnun
reikninga

Með því að breyta lánsviðskiptum í staðgreiðslu er hægt að ná fram verulegum sparnaði við innkaup með því að nýta staðgreiðslu eða magnafslátt. Midt Factoring býður þér að fá stóran hluta upphæðar vörunnar greiddan um leið og reikningur hefur verið sendur út og vara afhent. Það hlutfall er að jafnaði 80%. Þannig kemst þú hjá vanskilakostnaði og getur náð fleiri viðskiptavinum með því að bjóða þeim lengri greiðslufrest. Við greiðum þér svo afganginn þegar skuldarinn hefur staðið í skilum við okkur.

Fyrirtækið hefur því aðgang að lausafé, getur nýtt sér staðgreiðsluafslætti og lækkað fjármagnskostnaðinn.

Kynntu þér málið á www.mfi.is




Midt Factoring
á Íslandi hf.

MÖGNUMÐ ÁSKORUN

Á undanförunum árum hefur íslenskt atvinnulíf náð frábærum árangri, meðal annars í krafti umbóta á starfsumhverfi fyrirtækja. Mikill hagvöxtur, mikil kaupmáttaraukning, hátt atvinnustig - þannig mætti lengi telja. Í samkeppnishæfni hagkerfa erum við nú:

Ríkjandi Evrópumeistarar - og í 4. sæti á heimsvísu!



Samkvæmt síðustu mælingu IMD viðskiptaháskólans er Ísland nú 4. samkeppnishæfasta hagkerfi heims, fremst Evrópulanda annað árið í röð. Þetta er stórkostlegur árangur. Samtök atvinnulífsins vilja að við bætum okkur enn, eflum áfram íslenskt atvinnulíf og lífskjör í landinu – náum meiri árangri. Það er mögnumþ áskorun fyrir stjórnvöld, fyrirtæki stór og smá og landsmenn alla.

MEIRI ÁRANGUR



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS



AFKOMUFUNDUR GLITNIS Hagstæð skilyrði hafa verið hjá fjármálafyrirtækjum á fyrsta ársfjórðungi. Vaxta- og þóknatekjur hækka auk þess sem gengishagnaður af fjármálastarfsemi er mikill.

Sextíu milljarða hagnaður á níutíu dögum

Þrátt fyrir miklar sveiflur á hlutabréfamarkaði að undanfögnu stefnir í methagnað félaga á fyrsta ársfjórðungi, einkum fjármálafyrirtækja og fjárfestingarfélaganna sem búa við afar hagstæð skilyrði þessa dagana. Nokkur fyrirtæki munu aftur á móti sjá fram á tap á tímabilinu. **Eggert Þór Aðalsteinsson** gluggaði í afkomuskýrslur Glitnis og Landsbankans.

Allt bendir til þess að stærstu fyrirtækin í Kauphöllinni haldi áfram að mala gull. Afkomuspár Glitnis og Landsbankans komu út í síðustu viku og reikna bankarnir með að hagnaður stærstu félaga í Kauphöll Íslands verði samtals 62 milljarðar króna og tvöfaldist á milli ára.

SÖGULEGT TÍMABIL

Fyrsti ársfjórðungur var ansi viðburðaríkur. Árið fór mjög vel af stað og var mikil eftirspurn eftir hlutabréfum, enda bjartsýni í fjárfestum. Úrvalsvisitalan stóð í 5.534 stigum um áramót og geystist hratt upp á við. Í lok janúar hafði hún hækkað um 13,3 prósent frá áramótum og gerði atlögu að sjö þúsund stiga múrnum um miðjan febrúar þegar fór að bera á gagnrýni erlendra banka og matsfyrirtækja á lánshæfi bankanna. Lækkaði Úrvalsvisitalan töluvert í mars og var við lok tímabilins 6,5 prósent hærra en um áramót, sem víða þætti góð ávöxtun á einum fjórðungi.

Burtséð frá gríðarlegum sveiflum á hlutabréfamarkaði undanfarnar vikur eru greiningardeildirinn sammála um mikinn vöxt hagnaðar á milli ára og sjá jafnvel tækifæri á markaði eftir miklar lækkanir. Glitnir reiknar enn með að Úrvalsvisitalan hækki um 20 prósent á árinu. Veiking krónunnar hefur jákvæð áhrif á rekstrarumhverfi flestra fyrirtækja og hefur gert hlutabréf þeirra eitthvað ódýrari með lækkanandi kennitölum.

Í afkomuspá Landsbankans er tekið í sams konar streng, en þar segir að markaðurinn sé sanngjarn verðlagður og kennitölur á markaði lækki vegna veikingar krónunnar. Býst bankinn við fjórtán prósent hækkingu á stærstu félögum í Kauphöll Íslands á næstu tólf mánuðum.

BANKARNIR HAGNAST MEST

Enn og aftur eru það bankarnir sem bera mest úr bítum nú þegar uppgjörstímabil fer í hönd. Greiningardeildirnar gera ráð fyrir að meðaltalshagnaður fjármálafyrirtækja og fjárfestingarfélaganna verði um 60 milljarðar króna á fyrsta ársfjórðungi.

Gangi spárnar eftir hagnast KB banki um 15,4 milljarða á fyrsta árshluta sem er 38,8 prósent aukning frá sama tímabili í fyrra. Vaxta- og þóknatekjur eru í miklum vexti

hjá bankanum vegna mikilla umsvifa á innlendum og erlendum verðbréfamörkuðum á tímabilinu auk þess sem verðbólga skilar auknum vaxtatekjum. Gengishagnaður verður töluverður á tímabilinu vegna 3,3 milljarða söluhagnaðar af bréfum í Baugi og jákvæðrar gjaldeyrisstöðu bankans, sem skilar tíu milljarða hagnaði að mati Landsbankans.

Hagnaður Straums-Burðarás margfaldast á milli ára en Burðarás sameinaðist Straumi ekki fyrr en í september síðastliðnum. Gengishagnaður félagsins af sölu bréfa í Íslandsbanka og af óskráðum eignum, til dæmis í Illum, verður samtals um 6,5 milljarðar á fyrsta fjórðungi. Einnig er ljóst að mikill hækking varð á stórum eignarhlutum í Actavis, Finnair og Old Mutual. Hreinar vaxtatekjur verða eftir sem áður litlar eða neikvæðar.

ÞÓKNANATEKJUR AUKAST

Glitnir spáir að hagnaður Lí verði 12.468 milljónir á fyrsta ársfjórðungi sem er rúmlega tvöföldun frá árinu 2005. Grunnafkoma Landsbankans verður góð á árinu og vaxtatekjur aukast vegna hækkingar vaxtastigs innlands sem erlendis, lækkingar á gengi krónunnar og aukinnar verðbólgu. Þóknatekjur aukast um 45 prósent sem orsakast af erlendum verðbréfafyrirtækjum sem keypt voru á síðasta ári. Í uppgjörinu er gert ráð fyrir að gengishagnaður komi af eignarhlutum í Straumi og Carnegie, sem hækkaði hvorki meira né minna en um 40 prósent á fyrsta ársfjórðungi.

Landsbankinn spáir Glitni um sex milljarða króna hagnaði á fyrstu þremur mánuðum ársins samanborið við þriggja milljarða hagnað á sama tímabili í fyrra.

Mikill vöxtur var í hreinum rekstrartekjum bankans á tímabilinu og er því spáð að hann hafi numið fjórtán milljörðum króna á tímabilinu. Starfsemi fyrirtækjaráðgjafar mun meðal annars skila auknum þóknatekjum. Aðstæður á hlutabréfamörkuðum á Norðurlöndum voru ákjósanlegar á fyrsta ársfjórðungi sem skilar gengishagnaði af erlendra hlutabréfaeign og hjálpar fall á krónu einnig til.

FL Group hefur unnið að því markvisst frá áramótum að auka vægi erlendra eigna í eignasafninu. Gengishagnaður af fjárfest-

ingastarfsemi vegur þungt en snemma í mars greindi félagið frá því að þáverandi gengishagnaður frá áramótum væri orðinn 17,6 milljarðar. Söluhagnaður félagsins af fyrirtækjum í ferðaþjónustu nam 1,6 milljörðum á tímabilinu. Miklu munar á spám greiningardeildanna á uppgjóri FL Group eða 2,3 milljörðum króna. Félagið er varla samanburðarhæft á milli ára vegna gjörbreytinga á áherslum í rekstri en hagnaður var aðeins 25 milljónir króna á fyrsta ársfjórðungi 2005. Gert er ráð fyrir að flugrekstur skili bættri framlegð.

NOKKUR FÉLÖG SKILA TAPI

Eins og áður kom fram verða bankar í aðalhlutverkum á komandi uppgjörstímabili.

Hagnaður annarra fyrirtækja, einkum framleiðslufyrirtækja, verður mun minni og jafnvel er líklegt að allmörg þeirra skili tapi. Glitnir spáir því að Alfesca, Dagsbrún, HB Grandi og Vinnslustöðin skili tapi en Landsbankinn spáir neikvæðri afkomu hjá Alfesca, Avion Group, Dagsbrún, HB Grandi, Icelandic Group og Össuri. Tap má annaðhvort til þess að reksturinn er árstíðabundinn eða til erfiðra rekstrarskilyrða eins og sjá má í sjávarútvegi.

Bæði Actavis og Bakkavör auka hagnað sinn verulega milli ára gangi spár greiningardeildanna eftir. Actavis stóð í ströngu á síðasta ári þegar félagið keypti sex lyfjafyrirtæki og allt stefnir í að það stækki verulega á þessu ári. Bakkavör keypti breska matvælaframleiðandann Geest á síðasta ári og það skýrir mikla aukning hagnaðar hjá þar.

AFKOMA FÉLAGA Í KAUPHÖLL ÍSLANDS

	Hagnaður á 1. fjórðungi 2006 *	Hagnaður á 1. fjórðungi 2005	Breyting á milli ára
KB banki	15.399	11.093	38,80%
Straumur-Burðarás	15.352	4.577	235%
Landsbankinn	12.468	6.011	107%
FL Group	7.384	25	2954%
Glitnir	6.030	3.038	98%
Actavis	1.778	895	99%
Tryggingamiðstöðin	1.390	1.431	-3%
Atorka Group	1.311	659	99%
Bakkavör	762	493	55%
Mosaic Fashions	550	Á ekki við	
Kögun	155	105	48%
Marel	79	145	46%
Icelandic Group	4	191	-98%
Össur	-40	195	
Vinnslustöðin	-101	459	
Alfesca	-123	223	
Dagsbrún	-215	199	
HB Grandi	-706	763	
Samtals	61.477	30.502	

* Meðaltal af afkomuspám Glitnis og Landsbankans.

Hágæða prentarar og ljósritunarvélar fyrir allar stærðir fyrirtækja

ORMSSON



SHARP AR-M160D

- Prentari/litaskanni/ljósritunarvél
- 16 eintök á mínútu
- Ljósritar/prentar á stærst A3
- Minnkun-stækkun: 50-400%
- Sjálvvirk lýsing afrita
- Sérstök ljósmyndastilling
- 100 blaða framhjámatari
- 250 blaða pappírskúffa
- Innbyggður litaskanni 600x1200 punktar
- Ljósritar/prentar á 56-200gr pappír

**Tilboðsverð
Kr. 99.900**



SHARP AL-1552

- Prentari/litaskanni/ljósritunarvél
- 15 eint. á mínútu í ljósritun/12 eintök í prentun
- A4 stærst A6 minnst
- Minnkun-stækkun: 25-400%
- 250 Blaða pappírskúffa
- Snúningsbúnaður afrita (duplex)
- Upplausn 600x600 dpi
- USB og Paralell tengi
- Litaskanni 600x1200 punktar

**Tilboðsverð
Kr. 49.900**



SÍÐUMÚLA 9 / SÍMI 530-2800
www.ormsson.is

DRAUMATÆKIÐ



PHILIPS
sense and simplicity



HD
ready



Philips 32PF9966

32" HD LCD SJÓNVARP með 1366x768 punkta (VGA, SVGA, XGA, WXGA) upplausn, Pixel Plus 2 myndtækni sem fjölga línur og punktum, 800:1 skerpu, Digital Crystal Clear og Progressive Scan, ljósskynjara og Active Control, AutoFormat/ 6 breiðtjaldstillingum, Ambilight bakljósi, 2x30w Nicam Stereó hljóðkerfi með með wOOx bassa, 3 Scart tengjum og stereo inn/út, SVHS og RCA tengjum, Video inn, S-video og PC-inngangi (DVI-D), textavarp, fjarstýringu og borðstandi.

TILBOÐ

249.995

FULLT VERÐ 299.995

Philips Flat sjónvarp með Ambilight

Það verður ekki aftur snúið. Þú munt aldrei vilja slökkva á Ambilight tækninni, þeirri fyrstu og einu í heiminum. Myndir og litir fá aukna vídd – ólíkt öllu sem þú hefur séð. Flöt sjónvörp með Ambilight frá Philips – næsta skref í framþróun sjónvarpstækninnar.



Heimilistæki

www.ht.is

SÆTÚNI 8 REYKJAVÍK • SÍMI 569-1500 | UMBOÐSMENN
EYRARVEGI 21 SELFOSSI • SÍMI 480-3700 | UM LAND ALLT

FLUGSTÖÐIN Í DORTMUND Í ÞÝSKALANDI Þetta líkan af farþegaþotu easyJet er að finna í flugstöð alþjóðaflugvallarins í Dortmund í Þýskalandi, en þaðan flýgur easyJet til fjölda borga í Evrópu.

NORDICPHOTOS/AFP



Fjárfestingin sem lagði grunn

Í byrjun þessa mánaðar innleysti FL Group hagnað upp á 13 milljarða króna þegar seldur var hluturinn í flugfélaginu easyJet. Óli Kristján Ármannsson fjallar um ferlið frá því fyrstu kaup í félaginu

Í októberlok 2004 hrósuðu sérfræðingar á greiningardeild alþjóðlega fjárfestingarbankans J.P. Morgan FL Group (sem þá hétu Flugleiðir) fyrir að synda á móti straumnum og koma auga á dulin verðmæti í lággjaldflugfélaginu easyJet. 22. október 2004 tilkynntu Flugleiðir að félagið hefði keypt 8,4 prósent hlut í easyJet fyrir um 6,2 milljarða króna. Félagið smájök svo eign sína í easyJet, en innleysti svo um 13 milljarða króna hagnað 5. apríl síðastliðinn þegar það seldi 16,9 prósent hlut sinn í easyJet. Áætlað söluandvirði hlutarins er um 29 milljarðar króna, en um söluna, sem var til fagfjárfesta víða um heim, sá einmitt fyrrnefndur fjárfestingarbanki, J.P. Morgan og J.P. Morgan Cazenove. Fjárfesting FL Group í easyJet er þannig með þeim ábata-sömustu í íslenskri viðskiptasögu og vert að skoða sem slíka. Arðsemi fjárfestingarinnar á ársgrundvelli er sögð vera um 70 prósent, sem er langt umfram markmið FL Group um 20 prósent arðsemi.

FLEIRI VERKEFNI FRAMUNDAN

„Þetta er liður í fjárfestingastefnu félagsins, sem felur meðal annars í sér að fjárfesta í greinum þar sem félagið hefur sérþekkingu. Félagið lítur á kaupin í easyJet sem langtímafjárfestingu. Flugleiðir eru fjárhagslega sterkt fyrirtæki og félagið vill nýta hagstæða ávöxtunarkosti á markaði sem félagið þekkir,“ sagði Hannes Smárason í október 2004. Hann var þá stjórnarformaður Flugleiða, en er nú forstjóri FL Group. „Við teljum að rekstur easyJet sé grundvallður á góðri viðskiptahugmynd og eigi sér bjarta framtíð.“

Hannes Smárason í október 2004. „Við teljum að rekstur easyJet sé grundvallður á góðri viðskiptahugmynd og eigi sér bjarta framtíð.“ Undir þetta sjónarmið tók J.P. Morgan aðeins örfáum dögum eftir kaupin og kvað þau vera aðdáunarverð. „Við hyllum stjórnendum Flugleiða fyrir að taka skýra afstöðu til hlutabréfa sem við teljum undirverðlögð á markaði.“

Undir þetta sjónarmið tók J.P. Morgan aðeins örfáum dögum eftir kaupin og kvað þau vera aðdáunarverð. „Við hyllum stjórnendum Flugleiða fyrir að taka skýra afstöðu til hlutabréfa sem við teljum undirverðlögð á markaði,“ sagði sérfræðingur fyrirtækisins, sem sömleidis taldi hvorki líkur á því að í spilunum væri yfirtaka á easyJet, né heldur samlegðaráhrif milli félagsins og Ícelandair vegna þess hve viðskiptamódel fyrirtækjanna væru ólík. Sérfræðingurinn taldi því ljóst að Flugleiðir hefðu komið auga á langtímatækifæri í vanmati markaðarins þá á verðmæti easyJet. Bæði var þar um að ræða dulda eign í langtímasamningi easyJet við Airbus og stór kaupsamningur sem gerður hafði verið við sama fyrirtæki á afar hagstæðum kjörum vegna harðrar samkeppni Airbus og Boeing. Kjörin voru raunar svo hagstæð að endursöluverð vélanna í árslok 2004 var hærra en nam upphæð kaupsamningsins. Því mat greiningardeild J.P. Morgan söluna svo að Flugleiðir hafi ætlað að hagnast þegar markaðurinn í heild gerði sér grein fyrir verðmætunum sem lögju í easyJet.

Eftir söluna á bréfum easyJet í byrjun mánaðarins sagðist FL Group hafa um 50 milljarða króna handbæra sem ætlaðir væru til nýrra fjárfestinga þegar á árinu. Enda liðu ekki nema örfáir dagar þar til út spurðist að félagið væri, ásamt Vífilfelli, á lokastigi viðræðna um kaup á hollenska drykkjarvöruframleiðandanum Refresco af breska fjárfestingarsjóðnum 3i. Er þar fjárfesting af sama meidi og í danska drykkjarvöruframleiðandanum Royal Unibrew, en FL Group keypti þar nýverið um 16,35 prósent hlut. Royal Unibrew framleiðir bæði bjór og gosdrykki, en Refresco framleiðir ávaxta- og gosdrykki í Finnlandi, Frakklandi, Þýskalandi, Hollandi og á Spáni. Hjá FL Group hafa menn þó varist allra fregna af viðræðunum um kaupin á Refresco og ekki

útséð með endalok þeirra. Stöðugur vöxtur hefur verið í fjárfestingum FL Group, en að auki á félagið meðal annars hluti í danska raftækjaframleiðandanum Bang & Olufsen, norska fjármálafyrirtækinu Aktiv Kapital, flugfélaginu Finnair og í Glitni banka.

GRUNNURINN LAGÐUR AÐ STARFSEMINNI

„Við stöndum einfaldlega frammi fyrir svo mörgum verkefnum á nýjum vettvangi að við viljum hafa borð fyrir báru til að geta ráðist í þau,“ sagði Hannes Smárason, forstjóri FL Group, um sölu á hlut félagsins í easyJet, en kvað FL Group þó allt eins hefði getað átt





unninn

16,9 prósent hlutur í breska
ru fram í október 2004.

bréfin áfram. Ljóst var hins vegar orðið að aðaleigandi félagsins vildi fá herra en ásættanlegt verð fyrir bréf sín og að ekki myndi verða af yfirtöku FL Group á easyJet. „Þær verðhugmyndir voru háar og félagið þar af leiðandi of dýrt.“ Kaupin í easyJet segir hann hins vegar hafa verið mjög mikilvæg fyrir FL Group og í raun lagt grunninn að starfsemi félagsins.

Allar götur frá því að Flugleiðir keyptu fyrst í easyJet hafa verið uppi vangaveltur um hvort félagið hefði hug á því að taka yfir reksturinn, en þær eru meðal annars taldar hafa ýtt undir hækkandi gengi hluta í félaginu,



auk sívaxandi umsvifa þess. Langlíklegasta niðurstaðan hefur hins vegar alltaf verið að FL Group seldi bréfin aftur, enda nokkuð ljóst að flugfélagið yrði ekki tekið yfir í óþökk stærstu eigenda þess grískættaða Stelios Haji-Ioannou og systkina hans sem saman eiga rétt tæplega 41 prósent í félaginu. Stelios á 16,6 prósent og bróðir hans og systir 12 prósent hvort. Þá hafa talsmenn FL Group allt frá upphafi sagt að félagið yrði ekki í vandræðum með að selja bréfin. Um það mat hafa þó verið skiptar skoðanir og misjafnar skoðanir á kaupunum í easyJet, meðal annars um að eignarhlutinn væri orðinn svo stór að erfitt gæti orðið að selja hann í einu lagi. Greiningardeild Kaupþings banka sagði enda eftir söluna að hún hefði verið mjög jákvæð fyrir FL Group, enda væri betri einn fugl í hendi en tveir í skógi og mikilvægt að hafa innleyst þennan mikla hagnað fremur en að eiga hann óinnleystan í bókum sínum.

STÆRSTA VÖRUMERKI KEDJUNNAR

Stelios, sem er stofnandi félagsins, gaf því þó raunar undir fótinn í upphafi að hann kynni að vera tilleiddanlegur til að selja á réttu verði, en það verð virðist töluvert herra en svo að kaupendur séu að hlut hans. Hann hefur þó alltaf gefið úr og í með hugsanlega sölu og aldrei viljað ýta þeirri hugmynd alveg út af borðinu. Stundum hafa skilaboðin þó verið misvísandi, lík og þegar hann um miðjan janúar sagði við breska ríkisútvarpið að hann horfði til tveggja hluta varðandi söluna á easyJet, verðsins og hvort hann treysti væntanlegum kaupendum fyrir vörumerkinu. Aðeins nokkrum dögum fyrr hafði verið frá því greint að Stelios væri orðinn svo órólegur yfir ásælni FL Group í bréf félagsins að hann hefði leitað til bandaríska fjármálafræðisins Goldman Sachs til að verjast yfirtöku. Enn fyrr, eða um miðjan nóvember síðastliðinn, sagði Stelios í viðtali við Markaðinn að hlutur hans í easyJet væri ekki til sölu eins og sakir stæðu þar sem félagið væri „undirverðlagt“. Hann sagðist þá raunar engan áhuga hafa á því að selja hlut sinn, enda væri hann eigandi að vörumerkinu easy sem væri í fjölbreyttri notkun. „Í því sambandi er easyJet mér mjög mikilvægt, enda stærsta vörumerkið innan easy-keðjunnar,“ sagði Stelios.

EasyJet var stofnað árið 1995 og byggði á lágum fargjöldum og lítilli yfirbyggingu. Síðan þá hefur Stelios stofnað fjölda annarra fyrirtækja sem byggja á sömu lággjaldahugmyndafræði og eru kennd við Easy. Þar má nefna keðju netkaffihúsa sem kallast easyInternet Cafe, bílaleiguna easyCar.com, greiðslukortafyrirtækið easyMoney, verðsamanburð á netinu undir heitinu easyValue.com, netvídeóleiguna easyCinema, hótelkeðjuna easyHotel, easyMobile farsímafyrirtækið, easyPizza, tónlistarsöluna easyMusic.com, skemmtiferðaskip undir heitinu easyCruise og margt fleira. Með þetta í huga verður að teljast ólíklegt að Stelios hafi í raun eða vilji á næstunni selja flugfélagið. Ímyndin og forskeytið easy er hins vegar ekki í eigu flugfélagsins, heldur Stelios sjálfs sem svo leigir afnot af því til fyrirtækja sinna.

ENGINN FLÓTTI Í SPILUNUM

Eftir stendur að FL Group, sem gengið hefur

HLUTI STJÓRNAR FL GROUP Hannes Smárason forstjóri, Skarphéðinn Berg Steinarsson, Þorsteinn M. Jónsson, Jón Ásgeir Jóhannesson, Smári S. Sigurðsson og Magnús Ármann. Myndin er tekin á aðalfundi félagsins 21. mars sl. Markaðurinn/Hari

í gegn um miklar breytingar og er nú skilgreint sem alhliða fjárfestingarfélag, hefur innleyst mikinn hagnað og virðist hafa burði til að fara í miklar fjárfestingar, bæði miðað við núverandi lausafjárstöðu og eins þegar inn koma peningar eftir að Icelandair Group verður skráð á markað í vor, líkt og stefnt er að. Segja má að skrefið verði þá stigið til fulls og FL Group alfarið í fjárfestingum og laust við flugreksturinn. Breskir fjölmiðlar hafa þó ekki metið stöðuna þannig og hafa flutt fregnir af sölunni á eignarhlutnum í easyJet í tengslum við neikvæða umræðu um íslenskt fjármála- og efnahagslíf. Segja þeir FL Group þannig hafa flúið út úr félaginu. Þessu hefur Hannes Smárason neitað og borið til baka við þarlenda fjölmiðla. „Þessar fréttir komu fram áður en fjölmiðlar höfðu haft tækifæri til að kynna sér fréttatilkynningu okkar og tala við okkur,“ segir hann og kveður félagið munu bera aftur niður í Bretlandi í fjárfestingum sínum, enda sé þar einn af lykilmörkuðum FL Group. Þetta hefur verið hent á lofti í sumum miðlum í Bretlandi og því jafnvel kastað fram að félagið þyrfti að endurfjærfa sem fyrst með ágóðanum af easyJet til

ad draga úr ríkjandi vantrausti á íslenskum fjármálamarkaði. FL Group segist hins vegar vera stór fjárfestir á innlendum og erlendum vettvangi og mat félagsins að margt í gagnrýni erlendra greiningaraðila og fjölmiðla á íslenskt efnahagslíf sé rangt því ekki hafi verið tekið mið af þeim sterku eignum sem íslenskir fjárfestar hafa fjárfest í á erlendum vettvangi. „FL Group fjárfesti fyrst í easyJet fyrir einu og hálfu ári og hefur fjárfestingin reynst félaginu einstaklega vel. Í raun má segja að fjárfestingin hafi lagt grunn að þeirri starfsemi sem er í FL Group í dag,“ segir Hannes Smárason og áréttar að salan á eignarhlut FL Group í easyJet hafi ekki áhrif á aðrar fjárfestingar félagsins í fluggeiranum. „Við höldum áfram að vera fjárfestar í Icelandair, Sterling og Finnair.“



STELIOS HAJI-IOANNOU Stelios sem er stofnandi og aðaleigandi, með fjölskyldu sinni, að easyJet flugfélaginu, gaf alla tíð úr og í varðandi hugsanlega sölu á félaginu. NORDICPHOTOS/AFP



UM BORD Í EASYCRUISE-FERJU Kynningarmyndir sem teknar voru við Frakklandsstrendur í Cannes sýna hvernig hægt er að láta fara vel um sig í heitum potti um bord í farþegaferju easy-keðjunnar. NORDICPHOTOS/AFP



EASYHOTELS Stelios Haji-Ioannou stillir sér upp inni í einu af pinulitlum herbergjum easyHotels, en það eru lág-gjaldahótel í easy-keðjunni þar sem meira að segja er óvíst að herbergi hafi glugga. NORDICPHOTOS/AFP

FL GROUP Í NORSKRI INNHEIMTU

FL Group keypti í marsbyrjun 10,26 prósent hlut í norska fjármálafræðisfélaginu Aktiv Kapital. Í upphafi nam markaðsvirði hlutar FL Group um 4,7 milljörðum króna samkvæmt tilkynningu, en nemur nú rúnum 6,3 milljörðum króna. Aktiv Kapital er fyrirtæki sem sérhæft hefur sig í innheimtu á viðskiptakröfum og skiptist starfsemin í þrennt, kaup á lánasöfnum í vanskilum, innheimtu viðskiptakrafna og umsýslu reikninga. Fyrirtækið er skráð í norsku kauphöllina. Á þriðjudag stóð gengi bréfanna í 116 norskum krónum og hafði hækkað um 12,6 prósent frá áramótum. Hjá félaginu starfa 925 manns í ellefu löndum.

KEYPT Í BANG & OLUFSEN

FL Group á 10,1 prósent hlut í danska raftækjaframleiðandanum Bang & Olufsen sem skráður er í kauphöllina í Kaupmannahöfn. Félagið jók hlut sinn í marsbyrjun eftir að hafa fyrst keypt tæplega 8,2 prósent 17. febrúar síðastliðinn.

Stefna Alcoa Fjarðaáls er að fjárfesta til framtíðar í öflugum þekkingarsamfélagi bæði innan og utan fyrirtækisins. Nú þegar hefur fyrirtækið lagt um 140 milljónir króna til samfélagsmála. Slík fjárfesting skilar sér í verðmætum mannauði sem aftur styrkir samfélagið enn frekar. Starfsmenn eru hvattir til að sinna samfélagsmálum og Fjarðaál greiðir styrki með þeim starfsmönnum sem vinna í þágu góðgerðarsamtaka. Þannig á samfélagið allt að njóta góðs af.



Nemendur í Grunnskóla Reyðarfjarðar.

Frá




Bakgrunnur

Menntun og reynsla

Margvísleg og spennandi störf verða í boði hjá Fjarðaáli. Við ætlum að mynda samhentan hóp fólks með fjölbreytta menntun og reynslu. Tæplega 40% starfsmanna verða með háskólamenntun eða iðnmenntun. Öll störf í fyrirtækinu verða góð störf.

Kyn og aldur

Starfsmenn Fjarðaáls eiga að endurspegla og efla samfélagið. Æskilegt er að kynjahlutfall verði sem jafnast og öll störf í álverinu henta jafnt konum sem körlum. Jafnframt er stefnt að góðri aldursdreifingu og eðlilegri endurnýjun í fyrirtækinu.



Hluti af mannauðs- og samfélagsteyminu, við Upplýsingamiðstöð Fjarðaráls, með álverið í baksýn.

Liðsvinna

Ferli og teymi

Í álverinu í Fjarðabyggð verður unnið samkvæmt verkferlum í sjálfstýrdum teyimum með víðtæk verksvið. Í teyminum verða leiðtogar sem styðja liðsmenn og sjá til þess að þeir búi yfir nauðsynlegri þekkingu. Kjarnateyimum verður skipt upp í álframleiðslu, málmvinnslu og framleiðsluþróun. Stöðteymi og þekkingarsetur veita kjarnateyimum stuðning. Stöðugt verður leitast við að styrkja teymin og bæta verkferlin. Teymin munu sjálf koma að ráðningu nýrra liðsmanna þegar störf losna.

Fjölbreytni og fjölhæfni

Öll störf í álverinu eru fjölbreytt og munu allir starfsmenn takast á við ólík viðfangsefni. Að auki verður árlega boðið upp á nokkur starfsþjálfunartækifæri, þar sem áhugasamir starfsmenn fá þjálfun og reynslu á nýjum starfsvettvangi í 12 mánuði. Slík starfsþjálfun verður til dæmis á sviði öryggis-, umhverfis-, mannauðs- og gæðamála.



Þjálfun starfsmanna getur verið margþætt. Sálfræðingurinn og fræðslustjórinn, Steinþór Þórðarson, er hér ásamt leiðbeinanda á reykþöfnunæfingu í Kanada.

Aðalheiður Vilbergsdóttir með son sinn, Birki Inga Óskarsson. Aðalheiður stýrir skrifstofu Fjarðaáls á Reyðarfirði.

samfélagi til mannauðs

Tengsl Samstarf og samráð

Áhersla verður lögð á að starfsmenn þekki sem best allar hliðar starfseminnar. Teymin munu hafa með sér náð samstarf og samráð um mál sem varða allt fyrir-tækið og umhverfi þess. Allt að fimmtungi vinnutíma síns munu framleiðslu-starfsmenn vinna í hópum að ýmsum sameiginlegum málum, svo sem umhverfis-, samfélags- eða gæðamálum.



Birkir Einar Gunnlaugsson mættur á knattspyrnuæfingu í Fjarðabyggðarhöllinni, kannski fullsnemma.



Stefán Guðjónsson, kerfisfræðingur, mun vinna við eitt af stærstu og öflugustu upplýsingakerfum á Íslandi.



Rekstrarhagfræðingurinn, Bob Roy, ætlar að miðla starfsmönnum Fjarðaáls af langri reynslu sinni næstu tvö árin.

Tækifæri Þjálfun og fræðsla

Fræðslusetur verður starfrækt í álverinu og allir starfsmenn fá víðtæka þjálfun og fræðslu. Margir munu fá þjálfun í öðrum álverum Alcoa og um 40 erlendir sérfræðingar munu aðstoða við gangsetninguna.

Þekking og starfsþróun

Allir starfsmenn Fjarðaáls eiga að fá tækifæri til að leysa fjölbreytt og krefjandi verkefni og vaxa og dafna í starfi. Starfsmenn munu öðlast verðmæta þekkingu sem á að nýtast til frambúðar bæði innan og utan fyrirtækisins.

Kaup og kjör

Íslenskur áliðnaður hefur greitt samkeppnishæf laun og starfsmannavelta í greininni hefur verið lítil.



Sören Kristinsson, sonur Ellenar Sæmundsdóttur, starfsmanns Fjarðaáls.

Bæktun Hollusta og heilsuvernd

Starfsmönnum Alcoa Fjarðaáls á að líða vel í vinnunni. Í álverinu verður heilsusetur með hjúkrunarfræðingi og öðrum heilbrigðis-sérfræðingum. Í mótuneyti verður boðið upp á hollt og gott fæði undir leiðsögn næringar-ráðgjafa. Fjarðarál styður einnig heilsurækt starfsmanna.

Jafnvægi vinnu og einkalífs

Alcoa Fjarðaál á að vera fjölskylduvænn vinnustaður. Hvað í því felst nákvæmlega verður starfsmanna að ákveða í sameiningu. Hluti af þjónustu við starfsmenn mun einnig standa fjölskyldum þeirra til boða.

Öryggi Vinnutilhögun og vinnutími

Störf í áliðnaði eru örugg og vinnutíminn yfirleitt fyrirsjáanlegur. Álið verður að framleiða allan sólarhringinn, allt árið um kring. Í boði verða einnig hlutastörf fyrir fólk sem á erfitt með að vinna á vöktum eða vera í fullu starfi.



Mannauðsfræðingurinn, Sigurður Ólafsson, í Afhúsi Iceland Spa & Fitness á Reyðarfirði.

Við tökum vel á móti þér

Við leggjum mikið upp úr því að finna rétt fólk í rétt störf. Rétt fólk getur haft mjög ólíka menntun og reynslu. Menntun getur verið fengin úr skóla lífsins og fólk getur hafa öðlast mikilvæga reynslu í gegnum uppeldis- eða félagsstarf. Ráðningarferlið er staðlað og allir umsækjendur eru boðaðir í viðtal. Umsóknnum þarf að fylgja ferilskrá. Svæðisvinnumiðlun Austurlands aðstoðar umsækjendur á Austurlandi við að gera ferilskrá.

Viltu vera í liðinu okkar?

Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um störf hjá Fjarðaáli. Fæst okkar hafa starfað áður í álveri. Við tökum öll þátt í að móta nýtt fyrirtæki frá grunni. Við ætlum að vinna saman og læra hvert af öðru. Við ætlum að fara nýjar leiðir í stjórnun og skipulagi. Allir starfsmenn verða í lykilhlutverki. Styrkur fyrirtækisins verður í liðsheildinni.

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Markaðurinn á eins árs afmæli:

Ár mikilla breytinga

Hafliði Helgason

Markaðurinn fagnar nú ársafmæli sínu, en fyrsta tölublaðið leit dagsins ljós 8. apríl í fyrra. Blaðið hlaut strax góðar viðtökur bæði meðal almennra lesenda og hjá þeim sem leika á velli viðskipta og efnahagslífsins. Við sem stöndum að blaðinu eru þakklát þeim fjölmörgu sem hafa stutt okkur í að gera blaðið öflugan og skemmtilegan vettvang íslensks viðskipta- og efnahagslífs.

Með auknu frelsi og einkavæðingu í íslensku atvinnulífi, hafa ákvarðanir færst frá stjórnmaláttum til markaðarins. Þær hræringar sem eiga sér stað í viðskiptalífni og fjármálakerfinu hafa því sífellt meiri áhrif á það þjóðfélag sem við byggjum. Það leiðir aftur af sér að meiri þörf og eftirspurn er eftir fréttum og umfjöllun um þennan þátt þjóðlífsins. Markaðurinn kom til að svara þeirri þörf.

Viðtökurnar sem blaðið hefur fengið hafa sýnt okkur fram á að eftirspurn er eftir umfjöllun um íslenskt viðskiptalíf. Til eru fleiri en ein leið til að nálgast veruleika viðskiptanna. Markaðurinn er ekki blað sem telur sig þess umkomið að flokka kaupendur fyrirtækja í æskilega og óæskilega.

Markaðurinn hefur heldur engan áhuga á að stýra atburðarás eða hafa áhrif á niðurstöðu viðskipta. Markaðurinn leitast hins vegar við að segja vel og rétt frá þeim atburðum sem hafa áhrif á framvindu viðskipta- og efnahagslífsins.

Forsendur leiksins sjálfs í viðskiptalífni hafa verið lagðar til grundvallar við fréttamat og umfjöllun blaðsins. Við höfum ánægju af viðskiptalífni og höfum áhuga á því sem fyrirtæki og fjárfestar skapa á þeim velli. Nálgunin er ekki ósvipuð því sem viðtekið er í menningar- og íþróttumfjöllun. Óhugsandi að menningarsnaður einstaklingur skrifi um menningu og antispórtisti um íþróttir. Í ljósi slíkra forsendna er óhugsandi að sá sem í grunninn er á móti brótti viðskiptalífsins geti skrifað um það af einhverri sanngirni.

Íslenskt viðskiptalíf hefur verið í mikilli sókn og ánægjulegt að fylgjast með þeim krafti sem býr í fyrirtækjum og einstaklingum. Að undanförunu hefur alþjóðleg umræða verið erfið. Þeirri umræðu er ekki lokið og hún mun skjóta upp kollinum með reglulegu millibili. Íslensku viðskiptalífi tókst að koma sér á kort alþjóðaviðskipta, og eins gott og það er í sjálfu sér þá skapar það einnig vandamál sem þarf að takast á við. Búast má við því að það verði gert og að áfram muni vel ganga að byggja upp alþjóðleg fyrirtæki hér á landi sem vaxa munu og dafna um ókomna framtíð.

Markaðurinn mun áfram fylgjast grannt með bæði sigrum og ósigrum, átökum og eignabreytingum, regni og sólskini á velli viðskipta og efnahagslífs. Markaðurinn hefur átt því láni að fagna að njóta mikillar velvildar á sínum stutta líftíma. Blaðið hefur líka notið framlags hæfileikafólks sem hefur lagt sitt ítrasta af mörkum til að búa til gott blað. Það er mikið lán að eiga að slíkan metnað og ósérhlífni. Markaðurinn þakkar öllum þeim sem lagt hafa hönd á plóginn síðasta árið og vonast til að njóta krafta og velvildar þessa góða fólks um ókomin ár.

eggert@markadurinn.is | hafliði@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | olikr@markadurinn.is

Aldrei betra

ORD Í BELG

Gylfi Magnússon, dósent við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands



Það er einn af hornsteinum hagfræðinnar að aldrei sé hægt að fullnægja öllum þörfum eða óskum. Þess vegna verður að velja og hafna eða forgangsraða. Þessi niðurstaða er stundum kölluð lögmálið um skortinn. Það er ekki hægt að gera allt. Ekki geta allir keyrt á jeppum eða sportbílum, það er ekki hægt að bæði lækka skatta og bæta opinbera þjónustu, það komast ekki allir í laxveiði eða utanlandsferðir. Svo mætti lengi telja.

Sumum finnst þó án efa að í framangreindu felist undarlegur skilningur á orðinu skortur. Þeir geta til dæmis bent á að talsvertur hluti mannkyns lifir við hungurarmörk. Sá samanburður gerir notkun ríkustu þjóða heims, eins og Íslendinga, á orðinu skortur til að lýsa eigin vandamálum eilítt hjákátlega.

Íslendingar nútímans þurfa ekki einu sinni að líta til fátækustu ríkja heims til að setja vandamál sín í samhengi. Þeir geta allt eins horft til eigin sögu. Lengi vel, raunar lengst af, voru Íslendingar litlu ef nokkuð betur settir en fátækustu þjóðir heims eru nú. Lífsbaráttan var svo hörð að stór hluti þjóðarinnar hverju sinni dó langt fyrir aldur fram úr hungri og vösbúð.

Þegar Ísland nútímans er borið saman við fortíðina er aukning veraldlegra gæða eins og þau eru mæld með stærðum eins og landsframleiðslu svo

mikil að nær ógerningur er fyrir nútímafólk að setja sig í spor forfeðranna. Á þennan mælikvarða framleiða íbúar Íslands um tíu sinnum meira á hverju ári en gert var 1945 eða um 4,4 sinnum meira á mann. Það þýðir m.a. að meðalmaðurinn fyrir sextíu árum hafði ekki nema rúman fimmtung þess að spila úr sem nútímamaðurinn getur vænst. Það er sennilega talsvert vandamál fyrir flesta nú að sjá fyrir sér hvernig þeir gætu komist af með það hlutfall af núverandi tekjum.

Næsta spurning blasir við: Ættu þá ekki allir, eða að minnsta kosti flestir, að vera hæstánægðir með tekjur sínar núna? Jafnvel að vera almennt bara ánægðir með lífið og tilveruna? Sú er því miður ekki raunin. Ein helsta skýring þess er að kröfur manna til veraldlegra gæða vaxa að því er virðist nokkurn veginn í takt við framboðið. Óskirnar eru alltaf að minnsta kosti skrefi á undan.

Íslendingar nútímans bera sig ekki saman við samlanda



Nær allir Íslendingar geta nú veitt sér margvíslegan munað sem páfar á miðöldum gátu ekki einu sinni látið sig dreyma um eins og nútíma lyf og læknisþjónusta, kvikmyndir, sími, flug á milli landa. Ekkert af þessu stóð neinum til boða fyrir öld eða svo. Svo að ekki sé minnst á tölvur og netið.

UM VÍÐA VERÖLD

Sífelld stækkandi samrunar

The Economist | Samrunahrina undanfarinna mánuða jafnast helst á við það tímabil um síðustu aldamót þegar netbólán var í hæstu hæðum. Virði þeirra evrópsku fyrirtækja sem voru tekin yfir á fyrstu þremur mánuðum þessa árs var um 130 prósentum meira

en á sama tímabili fyrir ári. Einstaka samningar fara líka stækkandi. Á fyrsta ársfjórðungi voru níu samningar meira en 10 milljarða dollara virði, eða jafnmargir og öll þrjú árin milli 2002 og 2004. Samrunar í Bandaríkjunum hafa einnig farið stækkandi. Í leiðara The Economist er þeirri spurningu velt upp hvort þessi bóla sé dæmd til að springa eins og sú sem á undan kom. Leiðarahöfundur segir ýmislegt benda til þess að gæði samninganna séu meiri en áður var en áður en fagnaðarlætin brjótist út sér vert að minnst þess að sameiningar hafa sínar takmarkanir og hættan á ranghugmyndum sé aldrei langt undan.

Vietnam sigrar Bandaríkin

Fortune | Kauphöllin í Vietnam er önnur sú afkastamesta í heiminum þetta árið, á eftir kauphöllinni í Zimbabve. Frá því er greint í síðustu útgáfu Fortune-tímaritsins að vietnamska kauphallarvísitalan hafi hækkað um 60 prósent frá áramótum. Virði skráðra fyrirtækja hefur meira en tífaldast á tveimur árum sem þykir ekki slæmur árangur kauphallar sem einungis hóf að skipta með bréf árið 2000. Gera spár ráð fyrir að virði bréfa í kauphöllinni muni tvöfaldast aftur fyrir lok ársins. Meðal þess sem stuðlar að grænum tölum í Vietnam er mikill hagvöxtur, ný lög sem gera útlendingum kleift að eiga 49 prósent hlut í þarlandum fyrirtækjum og þrýstingur á einkavæðingu ríkisfyrirtækja. „Það eru breyttir tímar í Vietnam. Bandaríkjamenn eru þeir einu sem eru enn að hugsa um stríðið, Vietnamar hafa snúið sér að öðru,“ er haft eftir Don Lam, eiganda eins stærsta verðbréfasjóðsins sem útlendingum er heimilt að fjárfesta í.

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRN: Hafliði Helgason RITSTJÓRN: Eggert Þór Aðalsteinsson, Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Óli Kristinn Ármannsson AUGLÝSINGASTJÓRN: Jónína Pálsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík. AÐALSÍMI: 550 5000 SÍMBRÉF: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@markadurinn.is og auglisingar@markadurinn.is VEFVANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Markaðurinn er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt einn blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds.

MARKAÐURINN

Mest lesna
viðskiptablaðið

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Af litlum neista verður oft mikið bál

Kristján söng umrætt dægurlag hástöfum fyrir norska vini sína í útilegu í Gudbrandsdalen í Noregi um bjarta sumarnótt fyrir nokkrum árum. Á svæðinu var margt manna og hafði nokkrum ungum mönnum dottið í hug að grilla pylsur undir morgun þegar veislugleðin stóð sem hæst. Þeir hinir sömu gerðu sér það síðan að leik að kveikja eld í grasinu á tjaldsvæðinu. Kristján hafði fylgst með ungu mönnum um úr fjarlægð í nokkra stund og þegar hann sá að eldur hafði kviknað í grasinu hljóp hann til og slökkti eldinn með því að stappa á honum. Við þessar björgunaræðgerðir brann Kristján á fótum

og þurfti að liggja á sjúkrahúsi í nokkra daga.

Næsta vor var Kristján í heimsókn í sumarhúsi foreldra sinna rétt fyrir utan Ósló. Á laugardagskvöldi fór hann að fylgjast með fólki í húsinu við hliðina, sem var að grilla. Þegar kjötið var tilbúið lá öllum svo á að borða að þeir hentu logandi kolum á jörðina og skeyttu ekki um að varna því að eldur kviknaði í sinu við húsið. Kristján sá þarna sinubruna í uppsiglingu og hljóp út með slökkvitæki í þetta sinn, minnugur þeirra meiðsla sem hann fékk í sumarið áður.

Kristján fékk þarna góða hugmynd. Hann ákvað að stofna

sitt eigið fyrirtæki. Mánuði síðar var hann búinn að stofna öryggis- og þjónustufyrirtæki. Fyrsta árið tók hann að sér að fylgjast með litlu sumarhúsvæði. Sumarhúsaeygendur voru jákvæðir gagnvart fyrirtækinu og þjónustu Kristjáns, sem fór jafnt og þétt að bæta við þjónustuna við sína góðu viðskiptavini. Hann kom þrisvar á ári til þess að fara yfir eldvarnir í sumarhúsunum og aðgerðir til að bæta öryggi umhverfisins. Hann aflaði sér upplýsinga hjá yfirvöldum á staðnum hverjir hefðu leyfi til þess að brenna sinu og ræddi við þá um öryggi aðgerðanna. Hann tók einnig

ÖRUGG FYRIRTÆKI



Átak Markaðarins og Sjóvá

upp samstarf við tryggingafélag sem bauð sumarhúsaeygendum góðar tryggingar fyrir sínar eignir, jafnt hús, innbú og lausafjármuni hvers konar. Tveimur árum seinna voru 15 starfsmenn hjá fyrirtækinu sem lagði sig fram í forvarnarstarfi á stórum

svæðum.

Með minni beit, þéttari byggð og meiri skógrækt hérlendis og kannski breyttu veðurfari er hættan af sinu- og skógareldum meiri en áður. Við þurfum að auka forvarnir í sambandi við brunavarnir. Forvarnahúsið í Kringlunni sem sett verður á laggirnar í júnímánuði mun meðal annars taka þessi mál traustum tökum en vel kann að vera að nú sé svigrúm fyrir athafnafólk að bæta forvarnaþjónustu í landinu. Sinubruni á Mýrum og á Kjalarnesi getur leitt til þess að athafnafólk sjái tækifæri í því tjóni sem urðu. Af litlum neista kvikna góðar hugmyndir.

Þóra Hallgrímsdóttir hl. framkvæmdastjóri tjónasviðs Sjóvá

SPÁKAUPMAÐURINN

Olíublautt vindhögg

Það er alltaf að verða skýrara og skýrara fyrir mér að umræðunni um íslenskt efnahagslíf er stýrt frá Danmörku og Noregi. Norski olíusjóðurinn byrjaði að skortselja skuldabréf íslensku bankanna og ýta undir sögusagnir um að þeir stæðu ekki undir núverandi skuldaálagi. Þegar svona stór sjóður gerir svona lagað, þá hefur hann áhrif.

Þessi heimur eftirmaaðar með skuldabréf bankanna er ekki stór og þegar norski olíusjóðurinn hreyfir sig í þessa átt, þá eru margir sem vilja vera góðir við hann. Ástæða þess að menn fara af stað í upphafi er auðvitað að efnahagsstjórnin hér heima hefur verið slök og menn nýta sér slíka veikleika. Þessi heimur er ekki stærri en svo að menn geta yfir einu björglasi tekið ákvörðun um að koma íslensku efnahagslífi í vandræði. Ég held að þetta sé tveggja bjóra ákvörðun.

Greiningardeildir Merrill Lynch og svo Danske Bank fylgdu í kjölfarið til að hamra járníð. Þetta er allt svo augljóst og markaðurinn hér heima fór á taugum. Sjálfur er ég sallarólegur. Byrjaður að plokka heim smá af gengishagnaðinum í erlendum gjaldmiðlum og læt þá malla á hliðarlínunni á hávöxtum í boði Seðlabanka Íslands. Davíð er búinn að lofa mér launahækkun á peningana mína og ég ætla að þiggja hana þangað til skýrari línur verða á hlutabréfamarkaðnum.

Þetta er langt því frá búíð. Það stýttist í að allt verði vaðandi í fjárfestingartækifærum á innlenda markaðnum. Veiking krónunnar gerir ekkert annað en að auka verðmæti og gróða helstu fyrirtækjanna í íslensku kauphöllinni.

Þetta fatta Danirnir ekki og halda að þeim hafi tekist að koma á okkur einhverju alvöru höggi. Þetta er vindhögg og við munum halda áfram að kaupa af þeim illa reknar sjoppur og breyta þeim í alvöru fyrirtæki.

Lognið sem Danir búast nú við er svikalogn og síðan stormum við inn. Enda hver er veruleikinn? FL búíð að kassa inn 13 milljörðum. Baugur að fara í yfirtöku á House of Fraser. Marel að kaupa og meira að segja öll Apple-umboðin á Norðurlöndum að verða í íslenskri eign. Róbert Tchenguiz geymir hlut í Sampo fyrir Kaupþing sem gæti nýst síðar. Það er nóg eftir af útrásinni.

Staðan er bara sú að það er komið páskafrí á markaði og síðan tekur upprisan við. Þangað til nýtur maður vaxtahækkunarinnar hér heima.

Spákaupmaðurinn á horninu

Sjáðu hvernig raunveruleikinn lítur út í sjónvarpi

Hugsaðu stórt og sjáðu skýrt með **HITACHI** 42PD7200 42" HD ready plasma sjónvarpi.

Verð kr. 399.995

- Upplausn 1024 x 1024 punktar. Yfir 1000 línur! Mesta upplausn í 42" plasma sjónvarpi í dag.
- 68,6 milljarðar líta. Nýr 1024 punkta myndkubbur gerir myndina ótrúlega skarpa og góða.
- Allar tengingar til staðar sem hægt er að hugsa sér fyrir sjónvarp.
- Uppfyllir öll skilyrði til að vera HD ready og gott betur.
- Rafdrifinn snúningsfótur. Glæsileg hönnun.



Ef það á að vera stórt
– þá er það HITACHI

Ármúli 26 / Sími 522 3000 / www.hataekni.is

Hataekni

AURASÁLIN

Morgan plataður

Aurasálin hefur aldrei hvíkað frá þeirri lífsýn sinni að pappírshagnaður sé enginn raunverulegur hagnaður. Fyrir eða síðar munu þeir sem stunda viðskipti með pappíra átta sig á því að þeir hafa aldrei búið til raunveruleg verðmæti.

Þess vegna skilur Aurasálin ekkert í þeim miklu látum og húrrahrópum sem einhverjir ráku upp við það að FL Group seldi hlut sinn í EasyJet. Þar voru einhverjir að básúna um að FL Group hefði innleyst þrettán milljarða í hagnað og þótti nokkurt afrek. Sér er nú hvert afrek-ið. Er það til dæmis eitthvert afrek að vinna í happdrætti.

Aurasálin er nefnilega sannfærð um það að þeir hjá FL Group hafi ekkert gert til að verðskulda þennan hagnað. Þeir voru bara svo ljón-andskoti-heppnir að úti í hinum stóra heimi var einhver nógu vitlaus til að kaupa af þeim bréfin á miklu hærri verði, en þeir keyptu þau á sjálfir.

Aurasálinni finnst meira að segja svolítið ljótt að leika sér á þannan hátt að heimsku einhvers og sárvorkennir þessum J.P. Morgan sem sagður er hafa keypt bréfin.

Aurasálin skorar á þennan Morgan að leita réttar síns og snúa við blaðinu áður en hann fer sér að voða og steypir fjölskyldu sinni glötun. Sumum er hreinlega ekki viðbjargandi.

Aurasálinni hefði aldrei sjálfri dottið slík vitleysa í hug. Frá upphafi var hún sannfærð um að FL Group væri að hækka bréfin í EasyJet svo þeir gætu montað sig í milliuppgjörum. Síðan myndi verðið falla. EasyJet framleiðir ekkert meira en þeir gerðu og ekkert sem rökstyður það að gróðinn á þessum stutta tíma sé þrettán milljarðar.

Vinir Aurasálarinnar hafa gert grín að henni að undanförunu fyrir þetta viðhorf og bent hróðugir á það að FL Group hafi nú fengið peninginn. Hvaða máli skiptir það? Og hvað er það fyrsta sem menn gera þegar þeir fá slíkan pening? Jú þeir nota hann til að kaupa annan pappír sem þeir ætla að selja einhverjum vitleysingnum síðar. Aurasálin telur varlegt fyrir FL Group að veðja á það að jafnvel kjáni eins og þessi Morgan láti plata sig tvisvar.

Aurasálin telur það samt huggunarmi gegn að nýjar fjárfestingar FL Group eru í fyrirtækjum sem framleiða vöru. Samt sem áður óttast hún að stjórnendur FL Group séu enn að hugsa um pappír, en ekki raunveruleg verðmæti.

Sko boðar sko byltingu á símamarkaði

Liv Bergþórsdóttir fer fyrir uppbyggingu nýja símafyrirtækisins Sko. Fyrirtækið hefur metnaðarfullar fyrirætlanir um að krækja í væna sneið af íslenska farsímamarkaðnum. Liv þekkir íslenskan fjarskiptamarkað vel enda er Sko þriðja vörumerkið sem hún hefur tekið þátt í að byggja upp.

Auglýsingar nýja farsímafyrirtækisins Sko, þar sem Ólafía Hrönn er í líki símalandi símakonu, hafa vart farið framhjá þeim sem eyða vetrarkvöldunum fyrir framan sjónvarpið, né heldur þeim sem kjósa heldur útvarpið. Sko segist bjóða lægra verð á GSM-þjónustu en áður hefur þekkt hér á landi, sem út af fyrir sig nægir til að kveikja áhugann.

Það eru nokkur ár frá því að fyrstu fyrirtækin af þeirri fyrirmynd sem Sko fylgir urðu til og komu þau fyrstu fram á Norðurlöndunum. Liv Bergþórsdóttir, framkvæmdastjóri hins nýja fyrirtækis, hafði í starfi sínu sem framkvæmdastjóri sölu- og markaðssviðs OG Vodafone fylgt með þróun þessa geira frá upphafi og velt því fyrir sér hvernig mætti heimfæra þjónustuna á Ísland. Í lok árs 2004 eignaðist hún sinn annan son og gekk þá frá því við stjórnendur Dagsbrúnar að hún myndi hefja vinnu við þetta verkefni þegar fæðingarorlofinu væri lokið. Aðdragandinn að stofnun fyrirtækisins hefur því verið langur enda margt sem þurfti að huga að áður en í verkefnið var ráðist.

BÍLL PARF BENSÍN OG SÍMI PARF HLEÐSLU

Sko er fyrst og fremst sölu-, markaðs- og þjónustufyrirtæki og er öll tæknipjónusta fyrirtækisins aðkeypt og aðgangur að allri tækni leigður frá OG Vodafone. Hjá Sko starfa einungis fimm starfsmenn. Auk Livar, sem er framkvæmdastjóri og stýrir sölu- og markaðsmálum, hefur Ragnhildur Ágústsdóttir unnið að uppbyggingunni en hún er fyrst og fremst í verkefnum tengdum vefnum. Þrjár starfsmenn vinna svo í þjónustuverinu. Stór hluti vinnunnar sem á undan er gengin hefur snúist um að gera vef fyrirtækisins nógu einfaldan til þess að ekki sé þörf á fleira starfsfólki. Liv gerir ekki ráð fyrir mikilli fjölgun starfsmanna þrátt fyrir að viðbúið sé að fyrirtækið vaxi hratt. "Markmiðið er að verða ekkert fleiri, að þjónustan á netinu sé nógu góð til að við þurfum ekki að vera fleiri en fimm. GSM-varan í dag er breytir. Þekkingarstigið fyrir nokkrum árum var svo lágt en núna er þetta bara eins og með bensín. Bíl vantar bensín, gsm-síma vantar hleðslu. Kynslóðin sem nú er að vaxa úr grasi þekkir ekki lífið án gsm og það þarf ekki að kynna kosti gsm-símans á sama hátt og áður."

LÁGGJALDAFLUGFÉLÖG FYRIR-MYNDIN

Ýmiss konar tækninýjungar hafa gerbreytt smásölu- umhverfinu. Áhrifamestar þeirra eru nettengdar lausnir, en eftir að meðal annars lággjaldaflugfélög tóku internetið í þjónustu sína hefur smásala í gegnum netið orðið vinsælli, einfaldari og ódýrari. Einnig hafa birst fjölmargar aðrar netlausnir, til dæmis fyrir fjarskiptafyrirtæki. Segir Liv það merkilegt, en þó skiljanlegt, að þessi þróun hafi ekki átt sér stað innan tæknifyrirtækjanna sjálfra. "Þeir sem lifa og hrærast í tækninni gleyma sér oft í því sem er hægt að gera. Það eru svo viðskiptavinir tæknifyrirtækjanna, eins og flugfélögin, sem sjá gildi þess að einfalda hlutina."

Sko nýtir internetið ekki á ósvipaðan hátt og lággjaldaflugfélögin gera og fer öll þjónusta fram í gegnum það. Engar verslanir verða reknar og engum hleðslukortum dreift í verslanir. Viðskiptavinurinn skráir sig á netið, velur að borga með kreditkortu eða í gegnum heimabankann og framkvæmir síðan hleðsluna þáðan milliliðalaust. Liv segir alla þá sem nota



PAULVÖN Í UPPBYGGINGU VÖRUMERKJA SÍMAFYRIRTÆKJA Liv Bergþórsdóttir, framkvæmdastjóri Sko, hefur tekið þátt í uppbyggingu þriggja vörumerkja: Tal, OG Vodafone og nú síðast Sko. Hún segir fjarskiptabransann lifandi og skemmtilegan þar sem eitthvað nýtt gerist á nokkurra mánaða fresti sem umbreytir starfi og vinnuumhverfi í einni svipan.

heimabankann og finnst þægilegt að versla á netinu eiga heima hjá Sko. "Um helmingur viðskiptavina símafyrirtækjanna í dag eru með frelsi. Fyrir viðskiptavini í áskrift er okkar þjónusta ódýrari en fyrir þá sem eru með frelsi er þetta bæði ódýrara og þægilegra."

SKO VAR LANGSKEMMTILEGAST

Nafnið Sko var unnið í samstarfi við auglýsingastofuna Fítón. "Við fórum með sex nöfn fyrir rýnihöpa. Sko var aldrei efst á blaði í upphafi hópastarfsins en í lokin var þetta alltaf nafnið sem stóð upp úr. Í upphafi vorum við hrædd um að íslenskufraeðingarnir myndu ekki vera hrfirnir af nafninu þótt þetta sé góð og gild íslenska miðað við þær upplýsingar sem við öfluðum okkur. Margir segja reyndar að þetta sé gamalt danskt blótsyrði. En þetta er létt og skemmtilegt nafn sem er endalaust hægt að leika sér með, það er það sem skiptir máli."

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Liv tekur þátt í að byggja vörumerki upp frá grunni. Árið 1998 réði hún sig til Íslenska farsímafélagsins sem síðar varð Tal. Tal sameinaðist síðar Íslandssíma, sem hafði stuttu áður sameinast Halló, og þá varð OG Vodafone til. Hún átti því þátt í uppbyggingu bæði hjá Tal og OG Vodafone. Hún segir fjarskiptabransann skemmtilegan. "Það gerist eitt-hvað nýtt á nokkurra mánaða fresti sem breytir starfi manns. Það er sérstakt að sitja alltaf við sama borðið í sömu skrifstofunni á meðan allt annað breytist, nafnið, litirnir og fólkið."

SKRIFSTOFAN Í TÖLVUNNI OG SÍMANUM

Sko hefur aðstöðu í lítilli skrifstofu á Skúlagötu en mestmegnis eru Liv og Ragnhildur á ferðinni með fartölvu sína og síma og vinna þar sem þær eru staddir í hvert sinn. Liv hefur trú á að fjarskiptabransinn muni þróast frekar í

átt að einföldun, enda hafi það verið að gerast erlendis að yfirbygging stóru gömlu ríkisfyrirtækjanna er beinlínis að drekkja þeim. "Eins og í tilfelli lággjaldaflugfélaganna munu þessi risafyrirtæki eiga í erfiðleikum með verðsamkeppni við fyrirtæki á borð við Sko á meðan þeir hafa kostnaðinn af eins gríðarlegri yfirbyggingu, eins og til dæmis Síminn sem hefur um þúsund starfsmenn."

Markmið Sko er að krækja í vænan skerf af íslenskum fjarskiptamarkaði. "Það eru 270 þúsund virk símanúmer í dag og markmiðið hjá okkur er að ná góðri hlutdeild," segir Liv og bætir við að þau séu viðbúin því að samkeppnin muni harðna fljótt og hin símafyrirtækin muni leita leiða til að jafna samkeppnina.

NÚTÍMA VÍSITÖLUFJÖLSKYLDA

Liv lifir ekki bara litskrúðugu lífi í vinnunni. Hún tilheyrir hinni nýju gerð íslensku vísitölu-fjölskyldunnar þar sem báðir foreldrar vinna mikið og börnin eiga fleiri en eina mömmu og einn pabba. Saman eiga hún og eiginmaður hennar, Sverrir Viðar Hauksson, fjögur börn á bilinu eins til þrettán ára. Til að brúa bilið þangað til yngsti fjölskyldumeðlimurinn fer á leikskóla ákváðu þau fá au-pair stúlku frá Austurríki inn á heimilið sem gætir barnanna á daginn og þýtur upp um hola og hæðir íslenskrar náttúru þess á milli. Fjölskyldulífið er því erilsamt og margir í heimili þegar allir eru á staðnum.

Liv útskrifaðist úr viðskiptafræði frá Háskóla Íslands árið 1994. Þegar hún hafði lokið ári af náminu tók ævintýraþráin völdin og hún fór til Tyrklands þar sem hún vann á skrifstofu hveitiframleiðslubús. Eftir að hafa lokið námi flutti hún svo til London og var í starfsnámi hjá CitiBank í eitt ár. Þegar hún sneri þaðan réði hún sig til starfa á markaðsdeild SS og þar var hún þangað til hún flutti sig yfir til Íslenska farsímafyrirtækisins árið 1998. "Ég vissi ekkert um gsm-síma þegar ég fór að vinna þarna. Ég held reyndar að það sé einn af mínum stærstu kostum að ég er ekkert sérstaklega tæknisinnuð. Það hefur alltaf verið hægt að prófa allar leiðbeiningar á mér. Ef ég skil þær eru þær örugglega í lagi," segir Liv hlægjandi áður en hún er þotin, með skrifstofuna í handtöskunni.

HÁDEGISVERÐURINN

Með Liv Bergþórsdóttur framkvæmdastjóra Sko

Hádegisverður fyrir tvo á Vegamótum

Burritos með kjúklingi:

Hveiti-tortilla fyllt með nýrnabaunum, salsasösu og goudaosti. Borin fram með guacomole, sýrðum rjóma og fersku salati.

Drykkir

Egils appelsín og Coca cola
Alls krónur 2.900

Humarhúsið

Humarhúsið • Amtmannstíg 1 • 101 Reykjavík • Sími: 561 3303 • humarhusid.is



Berðu saman verð og gæði og taktu ákvörðun um

Búlgaríuferð í sumar!

Verðið skiptir máli!

Það borgar
sig að bóka
á netinu
www.apollo.is

Sunny Beach

- Líflegur og litríkur sólarbær með öllu!
- Ein besta sandströnd Evrópu
- Miðaldabærinn Nessebar í göngufjarlægð (á heims-minjaskrá UNESCO)
- Beint leiguflug frá Íslandi vikulega frá 23. maí til 12. sept.
- Fjölbreyttir gístaðir
- Íslenskir fararstjórar
- Úrval kynnisferða
- Verðlag með gamla laginu



Náðu þér
í bækling!



Bæklingar liggja frammi
á völdum Esso-stöðvum:

Reykjavík: Ártúnshöfði og Fossvogur.

Hafnarfjörður: Lækjargata

Akureyri: Leiruvegur

VERÐDÆMI

Flugfargjald 13. júní, 1
vika, án ferða frá/til flug-
vallar ytra

29.900 kr.

á mann með öllum sköttum

VERÐDÆMI

Hjón með 2 börn, 2ja-17
ára, 6. júní, 1 vika í 2ja
herb. íbúð á Jalta 2:

37.000 kr.

meðalverð á mann með öllum sköttum

VERÐDÆMI

Hjón í 1 viku 12. sept.
á Hótel Tundja:

40.300 kr.

á mann með öllum sköttum

Bókaðu
núna!




apollo

5 100 300 www.apollo.is

Langferðir ehf., Holtasmára 1, 201 Kópavogur

Engin hátíð án þeirra!



Camembert
Einn og sér, á ostabakkann og í matargerð.



Gullostur
Bragðmikill hvítmygluostur, glæsilegur á veisluborðið.



Gráðaostur
Tilvalinn til matargerðar. Góður einn og sér.



Blár kastali
Góður með ferskum ávöxtum eða einn og sér.




Mascarpone
Rjómaostur með ítölskum keim. Dásamlegur í deserta.



Höfðingi
Bragðmildur hvítmygluostur sem hefur slegið í gegn.



Lúxus-Yrja
Bragðmild og góð eins og hún kemur fyrir eða í matargerð.



Stóri-Dímon
Ómissandi þegar vanda á til veislunnar.



Dala-Brie
Á ostabakkann og með kexi og ávöxtum.



Heslihnetuostakaka
Hún er mjög góð ein sér, með kaffi eða líkjör og tilvalin á hláðborðið



Rjómaostur
Á kexið, brauðið, í sósur og ídýfur



Dala-Yrja
Sígildur veisluostur sem fer vel á ostabakka.



Piparostur
Góður í heitar sósur.

Gleðilega páska!



Lyftaraeigendur athugið!

Lyftaragaffilar
Allar algengustu stærðir lyftaragaffla og gaffallása



Lyftarasæti
með og án fjöðrunnar



Viðhaldsfriar keðjur og keðjulásar

Drifkeðjur lyftarakeðjur



Lyftaradekk
á flestar gerðir lyftara. Svört og strikafri.



VÉLAR:ÞJÓNUSTA

Járnhálsi 2 110 Reykjavík Sími 5 800 200 www.velar.is

Vorhreingerning!

Þjóðum hágæða Westermann sópvélar af ýmsum stærðum og gerðum



10% kynningar-afsláttur út apríl!



Sími: 540 1125 • www.lifland.is • Lynghálsi 3

FÓLK Á FERLI

BALDUR VIÐAR Baldursson hefur verið ráðinn forstöðumaður rekstrar á tæknisviði Símans. Baldur hefur starfað hjá Símanum frá 1995 en hann var fyrst sérfræðingur á kerfistæknideild. 1999 varð hann deildarstjóri kerfistæknideildar og 2001 deildarstjóri símsstöðvakerfa farsíma. Árið 2005 var Baldur Viðar ráðinn forstöðumaður tæknideildar farsímasviðs. Baldur Viðar útskrifaðist með B.Sc.-gráðu í rafeindatæknifræði frá Sønderborg Teknikum í Danmörku 1995.


ERLENDUR STEINN Guðnason hefur tekið við starfi forstöðumans þróunar tæknisviðs hjá Símanum en áður gegndi hann starfi forstöðumans tæknideildar gagnasviðs. Þar áður gegndi hann starfi deildarstjóra þjónustu við CCP hjá Símanum. Frá árinu 2000 og til

2002 rak Erlendur og átíti hugbúnaðar-fyrirtækið Íslandsvefi. Tímabilið 1996 til 2000 leiddi hann vefhóp TM Software. Erlendur er með BS-gráðu í tölvunarfræði frá Háskóla Íslands.

ÁSA RÚN Björnsdóttir hefur verið ráðin forstöðumaður greininga á fyrirtækjastöðum Símans. Hún ber ábyrgð á greiningu helstu afkomutalna lausna á fyrirtækjastöðum ásamt greiningum á markaðsumhverfi Símans og á fjarskiptamarkaði héraðs og erlendis. Ása Rún hóf störf hjá Símanum 1998 sem viðskiptastjóri í fyrirtækjastöðum. Hún var verk-efnastjóri ADSL frá 1999 og vörustjóri Internet-þjónustu á einstaklingsmarkaði frá 2003. Í janúar 2005 var hún ráðin forstöðumaður sölu- og vörustjórnunar á gagnasviði. Ása Rún útskrifaðist með B.Sc.-gráðu í alþjóðamarkaðsfræði frá Tækniskóla Íslands 1998 og M.Sc. gráðu í hagfræði og stjórnum frá Copenhagen Business School haustið 2003.

GUÐJÓN ÞÓR Mathiesen hefur verið ráðinn forstöðumaður viðskiptaþróunar hjá Símanum og ber hann ábyrgð á þróun viðskiptatengsla Símans við samstarfsaðila og dótturfyrirtæki hér heima og erlendis. Guðjón hefur unnið hjá Símanum frá árinu 2000, fyrst sem viðskiptastjóri með ráðgjöf á sviði fjarskipta og upplýsingatækni til stærstu fyrirtækja landsins. Frá 2004 var hann deildarstjóri sölustjórnunar þar sem hann stýrði söluferlum og söluáttaki til fyrirtækja. Guðjón varð viðskiptafræðingur frá Háskólanum í Reykjavík 2004.

GUÐMUNDUR STEFÁN Björnsson hefur tekið við starfi forstöðumans fyrirtækjalausna á fyrirtækjastöðum Símans. Guðmundur hóf störf hjá Símanum árið 1997 í vörupróun á sölu- og markaðssemi. Hann hefur lengst af unnið sem verkefnisstjóri og stýrt fjölda verkefna í kringum innleiðingu og þróun lausna ásamt fleiri verkefnum. Árið 2004 varð hann forstöðumaður verkefnisstjórnunar á þróunarsviði og síðar forstöðumaður farsímalausna hjá Símanum. Guðmundur útskrifaðist sem iðnaðartæknifræðingur frá Tækniskóla Íslands árið 1997.



STEINAR WAAGE
SKÓVERSLUN
KRINGLAN - SMÁRALIND

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

Góð viðskiptalausn
- aukíð hagræði



ax hugbúnaðarhús

Skeifan 8 • 108 Reykjavík • Sími 545 1000 • www.ax.is • ax@ax.is

MARKAÐURINN
Sögurnar, tölurnar, fólkið.



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Rekstrarverkfræðistofan
Annar hf
Suðurlandsbr. 46 • Sími 568 1020 • Annar.is

Ársreikningar
Bókhald
Skattframtöl

NÝR VÖRULISTI FRÁ BROS



BROS

Síðumúla 33 • 108 Reykjavík • Sími 581 4141 • sala@bros • www.bros.is

NEW HOLLAND

*Ruðningur af
fullum krafti*

Þú stendur betur að
vígi með New Holland
jarðýtum.



Höfum flutt að **Fiskislóð 14.**

STURLAUGUR & CO

Fiskislóð 14 • 101 Reykjavík • Sími: 551 4680 • sturlaugur@sturlaugur.is

Fákeppni algengari í litlum ríkjum

Er fákeppni á Íslandi?

Með fákeppni er eins og nafnið gefur til kynna einfaldlega átt við að fáir keppi á tilteknum markaði. Það er nokkuð misjafnt við hve mörg fyrirtæki er miðað. Það fer þó ekki á milli mála að það er fákeppni í afar mörgum atvinnugreinum á Íslandi hvert svo sem viðmiðið er nákvæmlega. Algengt er að helstu keppendur á tilteknum markaði séu ekki nema tveir til fjórir og stundum mjög misstórir.

Er fákeppni einkennandi fyrir smærri hagkerfi?

Það liggur nánast í hlutarins eðli að í litlum ríkjum er algengara en í stórum að einungis fá fyrirtæki séu á hverjum markaði. Hér skiptir þó meðal annars máli hve opin ríkin eru fyrir viðskiptum við útlönd. Það getur dregið mjög úr óhagræði vegna smæðar markaðar og fákeppni ef viðskipti við önnur ríki eru líflæg og án hindrana. Það er þó mjög misjafnt eftir því um hvers konar vöru eða þjónustu er að ræða.

Hver er reynsla annarra ríkja?

Það er almennt reynsla annarra að það skiptir höfuðmáli fyrir skilvirkni markaða og hagneytenda að markaðir séu opnir þannig að hver sem er geti keppt á þeim á eðlilegum forsendum, hvort heldur það

er innlendir eða erlendir aðili. Þetta skiptir enn meira máli eftir því sem ríkin eru smærri. Þá er ekki síður áriðandi að þeir sem eru á sama markaði keppi í raun sín á milli og hafi t.d. ekki með sér samráð. Það er þeim mun mikilvægara því færri sem keppinautarnir eru og því erfiðara sem það er fyrir aðra að koma inn á sama markað.

Hvernig getur

TÖLVUPÓSTURINN

Til Gylfa Magnússonar
dósentar við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, og formanns stjórnar Samkeppniseftirlitsins



er innlendir eða erlendir aðili. Þetta skiptir enn meira máli eftir því sem ríkin eru smærri. Þá er ekki síður áriðandi að þeir sem eru á sama markaði keppi í raun sín á milli og hafi t.d. ekki með sér samráð. Það er þeim mun mikilvægara því færri sem keppinautarnir eru og því erfiðara sem það er fyrir aðra að koma inn á sama markað.

Samkeppniseftirlitið brugðist við samþjöppun og fákeppni á Íslandi?

Samkeppniseftirlitinu ber skylda til þess að bregðast við þessu og hefur til þess ýmis ráð sem eru tilgreind í samkeppnislögum. Ráðin eru margvísleg, allt frá því að veita upplýsingar eða gefa út leiðbeiningar til þess að leggja á fjársektir og hindra samruna eða yfirtökur svo að dæmi séu tekin.

Á að brjóta markaðsráðandi fyrirtæki upp?

Ekki er hægt að útiloka að sú staða kunní að koma upp að það verði þrautalendingin. Reynslan frá útlöndum sýnir að það getur verið öflugt vopn fyrir samkeppnisyriföld en afskaplega vandmeðfarið. Það er hins vegar mun algengara að samkeppnisyriföld hlutist til um uppbyggingu fyrirtækja með öðrum hætti, t.d. með því að leggjast gegn eða skilyrða samruna eða yfirtökur.



FYRSTUR Á MORGUNRÁÐSTEFNUNNI Forstjórar fjögurra Samkeppniseftirlita fluttu erindi á morgunráðstefnu Samkeppniseftirlitsins.

Strangari samkeppnisreglur?

Fákeppni einkennir lítil hagkerfi. Það getur getur leitt til herra vöruverðs og minna vöruúrvals. Jón Aðalsteinn Bergsveinsson sat morgunráðstefnu Samkeppniseftirlitsins þar sem íslenskir og erlendir sérfræðingar veltu því meðal annars fyrir sér hvort þörf væri á strangari samkeppnisreglum.

Samkeppniseftirlitið efndi til morgunráðstefnu undir yfirskriftinni „Fákeppni í smærri hagkerfum“ á Nordica hóteli á föstudag. Valgerður Sværissdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, setti ráðstefnuna. Frummælendur voru þeir John Kallaugh, lögmaður og gestaprófessor við University College í Lundúnum í Bretlandi, og Friðrik Már Baldursson prófessor við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands. Þá fluttu forstjórar fjögurra Samkeppniseftirlita á Norðurlöndunum erindi á ráðstefnunni. Fundarstjóri var Gylfi Magnússon, dósent við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands og formaður stjórnar Samkeppniseftirlitsins. Ráðstefnan var liður í stefnu Samkeppniseftirlitsins að vera móttandi þátttakandi um samkeppnismál hér á landi auk þess að framfylgja samkeppnislögum.

Valgerður Sværissdóttir reifaði tildrög þess að Samkeppniseftirlitið var sett á laggirnar. Hafi hún í byrjun árs 2004 sett á laggirnar nefnd til að kanna samþjöppun á íslenskum markaði og hafi nefndin komist að raun um að samkeppni hafi minnkað hér á landi á síðastliðnum árum. Í samræmi við tillögur nefndarinnar hafi Valgerður meðal annars mælt fyrir um stofnun Samkeppniseftirlitsins á Alþingi síðastliðið vor og samfara því hafi verið settar skýrari reglur um samkeppnismál. „Það hefur mikið gerst síðan á vordögum 2005,“ sagði Valgerður og benti á að sameining fyrirtækja hafi verið meiri á síðasta ári en nokkrum sinnum fyrir.

MÁLID ER SAMKEPPNISEFTIRLIT

FYRIRTÆKI Í LITLUM HAGKERFUM VINNA SAMAN

John Kallaugh, sagði fyrirtæki í smáum hagkerfum hafa tilhneigingu til að vinna saman. Það hafi áhrif á verðlag innan hagkerfisins og geti haft takmarkandi áhrif á vöruúrval. Líkti hann fákeppni við sjúkdóm og sagði forvarnir gegn henni betri en lækningu. Átti hann þar við að skýrar reglur gegn samráði stjórnenda hjá fyrirtækjum væru hentugustu tólin til að koma í veg fyrir fákeppni og samþjöppun í litlum hagkerfum. Þá væri oft gripið til þess ráðs að skipta upp fyrirtækjum. „Það sem á eftir kemur þarf ekki endilega að vera betra en það sem fyrir var,“ sagði hann og benti á að fara verði varlega þegar brugðist sé við með þessum hætti.

STAÐSETNING LANDA SKIPTIR MÁLI

Friðrik Már Baldursson, tók undir með Kallaugh og sagði nauðsynlegt að setja skýrar samkeppnisreglur. Það væri meðal annars gert til að vernda lítil fyrirtæki og koma í veg fyrir verðbólgu. Þá sagði hann ástæður fákeppni í smáum hagkerfum ekki einungis þær að hagkerfið væri lítið heldur skipti staðsetning landanna máli. Nefndi hann Ástralíu og Lúxemborg sem dæmi. Lúxemborg eigi landamæri að stórum mörkuðum ólíkt Ástralíu, sem sé eyland líkt og Ísland. Fákeppni sé einkennandi fyrir eyland, að hans sögn.

Þá sagði Friðrik eina vaxtarmöguleika fyrirtækja í litlum hagkerfum vera utan landsteina og benti hann á Lúxemborg því til sönnunar. Þá hafi

mörg íslensk fyrirtæki hefðu farið svipaða leið, eins og KB banki sem hafi fengið 70 prósent af tekjum sínum erlendis á síðasta ári. Friðrik sagði hægt að bæta úr samþjöppun og einokun með ýmsum hætti, til dæmis með því að setja reglur um gegnsæi og aflétta hömlum á fjárfestingar erlendra aðila.

AUKIN SAMKEPPNI Á SÍÐUSTU ÁRUM

Finn Lauritzen, forstjóri Samkeppniseftirlitsins í Danmörku, líkti stórfyrirtækjum við íþróttamenn og sagði að þau þyrftu á samkeppni að halda á heima-velli áður en þau héldu út í hinn stóra heim. Hann vildi hins vegar ekki meina að lítil hagkerfi þyrftu á strangari samkeppnisreglum að halda, það gæti haft þverfug áhrif og fælt erlenda fjárfesta frá.

Knut Eggum Johansen, forstjóri norska Samkeppniseftirlitsins, sagði margt líkt með Íslandi og Noregi. Landið væri víðfeðmt og strjálbýlt og hefði fákeppni verið einkennandi fyrir efnahagslífið. Á síðustu fjórum árum hafi verið gert átak í að auka samkeppni á ýmsum sviðum, til dæmis hvað samgöngur og raforkumál varðaði. Hafi Norðmenn nú val um 60 flugleiðir frá Noregi til annarra landa auk þess sem flugfar fyrir meðalfjölskyldu hafi lækkað um 3-4.000 norskar krónur, jafnvirði rúmlega 33-45.000 íslenskra króna, á ári í kjölfar aukinnar samkeppni. Þá hafi orkufyrirtækjum að sama skapi fjölgað á síðastliðnum fjórum árum og væru þau nú 30 talsins.

Claes Norgren, forstjóri sænska Samkeppniseftirlitsins, sagði fákeppni hafa verið á nokkrum sviðum í Svíþjóð, sérstaklega í matvæla-, orku- og fjármálageiranum. Hafi samkeppnisreglur ekki verið settar í Svíþjóð fyrir en árið 1992 í samræmi við ákvæði Evrópusambandsins. Fyrirtæki hafi nýtt sér betur markaðssvæði sambandsins og hafi árangurinn leitt til framfara á ýmsum sviðum. Hann taldi hins vegar enga þörf á að setja strangari samkeppnisreglur.

HEIMILD TIL HÚSLEITAR

Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, sagði í lokaerindi dagsins það vera nauðsynlegt að ræða hvort þörf væri á strangari reglum í litlum hagkerfum. Eftirlitið greini aukna samþjöppun hér á landi en það sem af sé árs hafi stofnunin fengið fimmtán tilkynningar um samruna fyrirtækja. Þá sagði hann nauðsynlegt að setja fyrirtækjum reglur um upplýsingaskyldu því í mörgum tilvikum séu upplýsingar sem þau sendi Samkeppniseftirlitinu ónákvæmar og jafnvel rangar. Þá sagði hann Samkeppniseftirlitið ætla að fylgja samkeppnislögum af eins mikilli festu og unnt sé. Efla verði rannsóknarræði í samráðsmálum og benti hann á að samkvæmt samningi um Evrópska efnahagssvæðið hafi Eftirlitsstofnun EFTA heimild til að gera húsleit hjá stjórnendum fyrirtækja hér á landi. „Vandséð er að rök séu til þess að veita Samkeppniseftirlitinu ekki sömu heimildir,“ sagði hann.



FRÁ MORGUNRÁÐSTEFNUNNI Valgerður Sværissdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, og John Kallaugh, sérfræðingur í bandarískum og evrópskum samkeppnisrétti.



Markaðsvaktin - Veist þú hvað er að gerast á markaðnum í dag?

ÓKEYPIS
REYNSLUTÍMI
á www.mentis.is

Microsoft
CERTIFIED
Partner

mentis
HUGBÚNAÐUR

Sigtúni 42 105 Reykjavík Sími 570 7600 info@mentis.is

computer MEGASTORE

- minnsta megastore í heimi -



MEGAverð
169.900,-

MEGAverð
154.900,-

MEGAverð
129.900,-

HP Pavilion dv1599EA Notebook

Intel Pentium M 760,
2GHz, 533 MHz
14" WXGA 1280x768
1024MB DDR 333 MHz
vinnsluminni (2x512),
stækanleg í 2GB
100GB harður diskur
4200rpm EIDE
DVD+/-RW (DVD skrifari)
Microsoft Windows XP
HOME stýrikerfi

Skjåkort: Intel Graphics
Media Accelerator 900,
allt að 128MB
Fjarstýring: HP Mobile
Remote og HP Quick Play
media player
Bluetooth
Þyngd: 2.42kg
Ummál: 334 x 230
x 33 mm
2ja ára ábyrgð

HP Compaq nx6125 ML-34 15.0.

AMD Turion ML-34 (1.80GHz)
64bita
15" SXGA 1400x1050
512MB DDR vinnsluminni
SMART
80GB harður diskur 5400rpm
DVD+/-RW (DVD skrifari m/
LIGHTSCRIBE)
ATI Mobility Radeon X300
skjåkort, allt að 128MB

Bluetooth
Bóimetriskur fingrafaralesari
6-1 kortalesari
Microsoft Windows XP
Professional stýrikerfi
Þyngd: 2.7kg
Ummál: 31 x 328
x 267 mm
3ja ára HP ábyrgð með HP
Carepack (gildir í evrópu EMEA)

LightScribe
tæknin gerir kleift
að merkja gelslidska
í sama drifi og notað
er til að skrifa á þá
gögn. Engir límmiðar
eða tússpennar,
bara flott!

HP Pavilion dv5052EA Notebook

AMD Turion 64 Mobile
Processor ML-32
15.4" WXGA 1280x768
High Definition BrightView
1024MB DDR 333 MHz
vinnsluminni (2x512),
stækanleg í 2GB
80GB harður diskur
4200rpm EIDE
DDVD+/-RW (DVD skrifari,

dual layer)
Skjástýring: ATI RADEON
XPRESS 200M IGP, allt að
128MB
Microsoft Windows XP
HOME stýrikerfi
Þyngd: 2.98kg
Ummál: 263,9 x 357,8
x 44 mm
2ja ára ábyrgð

HP LaserJet 1020

Prenttækni: Monochrome laser / Hraði: 14 bls.
á mín. / 10 sek. í fyrstu síðu út eftir kaldræsingunni
eða heitun / Örgjörvi: 234 MHz RISC / Upplausn:
1200x1200 dpi / Spamaðarstilling: 50%
duftspamaður / Tengir: USB



MEGAverð
15.900,-

HP Photosmart 2575 fjölnotatæki


Bleksprautufjölnotatæki - prentar-skannar-fjölfaldar
/ Upplausn: 4800x1200dpi í lit, 1200dpi í svörtu
/ 2,5" LCD litaskjár / Tengir: USB og PictBridge /
Skanni: Upplausn: 2400x4800dpi / Flatbed
Fjölföldun: 30 bls. á mín í svörtu -/24 í lit
Stækkun/minnkun 50 til 400%



MEGAverð
21.900,-

HP Photosmart 3210 Fjölnotatæki

Bleksprautufjölnotatæki prentari-skanni-fjölföldun
6 lita kerfi í aðskildum hylkjum / Upplausn:
4800x1200dpi / Raufar fyrir myndavélakort /
PictBridge tengi fyrir myndavél / 2,5" LCD skjár /
Prentar á jaðar pappirs / Tengir: USB - netkort.
Skanni: Upplausn: 4800x4800dpi / Flatbed
Fjölföldun: Hraði bls. á mín.: 32 í svörtu, 31 í
lit / Minnkun/Stækkun: 25 til 400%



MEGAverð
33.900,-

HP Photosmart 8050 Fjölnotatæki

Ljósmynda bleksprautuprentari / Upplausn:
1200x1200dpi í svörtu, 4800x1200dpi í lit / Prentar
á jaðar pappirs / Tengir: USB 2.0 og PictBridge /
Kortalesari: 4 raufar / Stjórnborð á prentara / Skjár:
1.8" lita skjár / Sjálfvirkur pappirsskynjari / Hægt að
prenta úr hreyfimynd



MEGAverð
16.900,-

HP Photosmart 8250 Fjölnotatæki

10x15cm ljósmynd á 14 sekúndum /
Ljósmynda bleksprautuprentari /
Upplausn: 1200x1200dpi í svörtu,
4800x1200dpi í lit / Minni: 64MB /
Prentar á jaðar pappirs / Tengir: USB
2.0 og PictBridge / Kortalesari: 4 raufar
2.5" lita skjár / Sjálfvirkur pappirsskynjari



MEGAverð
23.900,-

**HRAD-
VIRKASTI
LJÓSMYND-
PRENTARI Í
HEIMI**

HP L1740 17" LCD skjár 500:1 13ms

Upplausn: 1280x1024 60Hz / Sjónarhorn: 150°
lárétt, 135° lóðrétt / Punktastærð: 0.264mm /
Birta í nits: allt að 300
nits / Skerpa: allt að
500:1 / Innbyggður
2ja porta USB2 hub
/ Landscape/Portrait
snúningur og
hæðarstilling / Tengir:
Dual input VGA, Analog/
DVI / Ábyrgð: 3ja ára
(3-3-3)



MEGAverð
38.900,-

HP L1955 19" LCD skjár 1000:1 16ms

Upplausn: 1280x1024
60Hz / Sjónarhorn:
176° lárétt, 176°
lóðrétt (extra large)
/ Birta í nits: 250 /
Skerpa: 1000:1 /
Landscape/Portrait
snúningur /
Hæðarstilling (13cm)
/ Tengir: Dual inputs
VGA og DVI-I / Ábyrgð: 3
ár á vinnu og varahlutum



MEGAverð
58.900,-

HP LP2065 20" LCD 800:1 8ms

Upplausn: 1600x1200 á 60Hz, 75Hz / Sjónarhorn:
170° lárétt, 170° lóðrétt (extra large) / Punkta-
stærð: 0.255mm
/ Birta í nits: 300
/ Skerpa: 800:1 /
Tengir: 4 USB tengi, 1
upp, 3 niður. Kapall
fylgir / 2 X DVI-I (VGA
analog og digital
input) / VESA 100
festimöguleiki / TCO-
03 og Energy Star



MEGAverð
91.900,-

Mikið úrval af borð- og fartölvum

Hringiðan

1 mánuður fylgir frítt
með öllum tölvum!

HP Deskjet 3940 Bleksprautuprentari

Prenttkani: HP Thermal Inkjet
Prenthraði bls. á mín. 16 í svörtu, 12 í lit
Upplausn: 1200x1200dpi í svörtu,
4800x1200dpi í lit
Tengi: USB
Macintosh samhæfur



MEGAverð
5.900,-

HP Deskjet 5940 Bleksprautuprentari

Prenttækni: HP Thermal Inkjet
Prenthraði bls. á mín. A4: Allt að 30 í svörtu, 24 í lit
Minni: 32MB / upplausn: 1200dpi í svörtu,
4800dpi í lit. Tengir: USB
PictBridge tengi
fyrir myndavél



MEGAverð
12.900,-

Fullkomið tölvuverkstæði - gerum við allar tölvur -

Staðgreiðsla
VISA Lán

BANKAHÓLFÍÐ



Á hæla Íslendinganna

Eitt af því sem talið hefur verið til veikleika íslensku bankanna er að hlutfall innlána er lágt af heildarfjármögnun þeirra. Þróunin hefur verið í þessa átt í heiminum, auk þess sem hefðbundnir fjárfestingabankar fjármagna sig á skuldabréfamarkaði en ekki með innlánunum. Fjárfestingabankastarfsemi hefur verið drjúgur hluti starfssemi bankanna og af þeim sökum ætti hlutfallið ekki að koma á óvart. Staðreyndin er samt sem áður þessi og íslensku bankarnir raða sér í efstu sæti evrópskra banka þegar skoðað er hlutfall annarrar fjármögnunar en innlána. Það sem kemur hins vegar skemmtilega á óvart er að í fjórða sæti er enginn annar en Danske Bank. Þaðan sem vantrú á viðskiptamódel íslensku bankanna er meðal annars spröttin.

Sterkum stolið

Kaupþing hefur að undanfögnu nælt í toppstarfsmenn á Norðurlöndunum til að byggja upp starfsemi sína. Skemmst er að minnast þegar heilu hóparnir komu til Kaupþings frá virtum fyrirtækjum bæði í Ósló og Kaupmannahöfn. Nú tókst þeim að næla sér í toppmann til verksins. Sá heitir Tim Cockcroft og hefur stýrt verðbréfamiðlun belgíska bankans KBC Peel Hunt í London. Þetta er talsverður fengur fyrir Kaupþing í London, en Tim þessi hefur gott orðspor og er talinn eiga auðvelt með að veiða til sín hæfileikafólk á þessu sviði til að byggja upp verðbréfamiðlun í bankanum. Í Bretlandi er ráðningin höfð til marks um trú á Kaupþingi þar sem þungaviktarmaður er tilbúinn til að standa upp úr góðum stól til að vinna hjá bankanum.

Yfirtaka í Dagsbrún?

Svo virðist vera sem að engin ljón séu á vegi Dagsbrúnar að taka yfir breska prent- og dreifingarfyrirtækið Wyndeham Press Group. Teather & Greenwood, fyrir hönd Dagsbrúnar, er komið með tæp 26 prósent hlutfjár. Á sama tíma eykur Baugur Group við hlut sinn Dagsbrún og er kominn með rúm 36 prósent hlutfjár eftir að stjórnarmaðurinn Árni Hauksson seldi bréf í sinni eigu. Vantar því lítið upp á að yfirtökuskýlda myndist í Dagsbrún.

16,9 prósentu hlutur í easyJet sem FL Group seldi.

1,7 milljarða króna kaupverð bresku fyrirtækjunum AEW Thurne og Delford Sortaweigh sem Marel keypti af AEW Delford Group.

13,4 milljarða metvöruskiptahalli í mars samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofnunar.

Hinn fullkomni starfsmaður



ThinkPad® fartölvur

Framþróun ThinkPad heldur áfram

Ein traustasta fartölvun fyrir fyrirtæki

ThinkPad hefur fyrir löngu sannað sig sem ein traustasta fartölvun fyrir fyrirtæki enda mest verðlaunaða fartölva sögunnar vegna yfirburða tækni þar sem lægri rekstrarkostnaður og bilanátíðni, öryggi og einföld umsýsla eru í fyrirrúmi.

Nýjar glæsilegar útgáfur

Framþróun ThinkPad heldur áfram og býður Nýherji nú nýjar glæsilegar útgáfur af fartölvum sem henta fyrir allar stærðir fyrirtækja og stofnana sem og kröfuharða einstaklinga.



lenovo

Hvernig fartölva hentar þér?

- **R línan fyrir hefðbundna notkun** – Veitir góð afköst og býður upp á mikinn fjölbreytileika hvað varðar uppsetningu og búnað. Er á frábæru verði.
- **T línan er fyrsta flokks** – Fullkominn stöðugleiki í afköstum og flutningsgetu, mikið minni, hraði og löng rafhlöðuending. Ber af styrk og léttleika og er einfaldlega fullkomin.
- **X línan er sú þynnsta og léttasta** – Fullkomið frelsi í þunnri og léttari fartölvu með ótrúlega langri rafhlöðuendingu sem hentar afar vel fyrir ferðalög.
- **Z línan er margmiðlunartölva með breiðtjaldsskjá** – Nýtskuleg fartölva með öflugum breiðtjaldsskjá til að vinna með grafik og margmiðlunarefni, hægt að fá í tveimur litum.

Það er því ljóst að ThinkPad hentar fyrir þig. Það er bara spurning um R, T, X eða Z.

Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Nýherja sem bjóða þér faglega ráðgjöf við val á réttu fartölvunni. Síminn er 569 7700 og netfangið er ver@nyherji.is



NÝHERJI

Nýherji hf. · Borgartúni 37 · 105 Reykjavík · Sími 569 7700 · www.nyherji.is

Við færum þér fjármálaheiminn

E*TRADE

Nú býst þér að eiga milliliðalaus verðbréfavíðskipti með E*TRADE í gegnum netið á stærsta verðbréfamarkaði heims, Wall Street í Bandaríkjunum, og á mörkuðum í Svíþjóð, Finnlandi og Danmörku. Kynntu þér málið á www.landsbanki.is



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is

